



Vesturbyggð



Bíldudalur

Milljónahverfið

Verndarsvæði í byggð


GREINARGERÐ

Tillaga

Nóvember 2022



LANDMÓTUN®



GINGI teiknistofa

MIÐTÚN 1, 460 TÁLNAFJÖRDUR
697 6984 gingi11@simnet.is

Verndarsvæði í Milljónahverfinu í Bíldudal, Vesturbyggð, hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og var samþykkt skv. 7. gr í Skipulags- og umhverfiráði Vesturbyggðar þann _____ og í Bæjarstjórn Vesturbyggðar þann _____.

Tillagan var staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra þann _____ 2023.

Auglýsing um ákvörðun ráðherra var birt í Stjórnartíðindum þann _____ 2023, í samræmi við 4. gr laga nr. 87/2015.

Mynd á forsíðu: Milljónahverfið 1960, mynd tekin úr kirkjuturninum. Ljós. Valdimar B.

EFNISYFIRLIT

1	Formáli	7
1	Tillaga að verndarsvæði í byggð	8
1.1	Inngangur	8
1.2	Afmörkun verndarsvæðis Milljónahverfisins	8
1.3	Rökstuðningur	9
2	Lýsing á byggðinni	9
2.1	Landfræðileg lega og landslagseinkenni- Náttúruleg höfn.....	9
2.2	Saga og þróun byggðar	10
2.2.1	Sjávarþorp myndast – Saga þorpsins.	12
2.2.2	Þróun byggðarinnar 1897-1940.....	22
2.2.3	Milljónahverfið 1935-48	23
2.2.4	Skipulag Teiknistofu skipulagsins 1941-46. Suðurfjarðahreppur, byggingarsamþykktir og byggingarnefnd	27
2.2.5	Byggingarmeistarar / Hönnuðir	28
2.2.6	Einkenni núverandi byggðar og Milljónahverfisins	29
2.3	Minjar	30
2.4	Verndarflokkar.....	32
2.4.1	Hús og mannvirki eða leifar þeirra sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar	32
2.5	Greining á svipmóti byggðar	33
2.5.1	Svipmót byggðar og landslags	28
2.5.2	Svipmót og aldur bygginga	28
2.5.3	Umferðaleiðir/tengingar/götumynstur.....	29
2.5.4	Sjónáasar og kennileiti	29
3	Varðveislumat	30
3.1	Byggingarlist - listrænt gildi.....	30
3.2	Menningarsögulegt gildi.....	30
3.3	Umhverfisgildi.....	31
3.4	Upprunalegt gildi.....	31
3.5	Ástand.....	31
3.6	Varðveislugildi	31
4	Verndun og uppbygging	32
4.1	Almennir Skilmálar	33

4.1.1	Tryggja skal góða, örugga og aðlaðandi aðkomu og aðstöðu fyrir vegfarendur innan svæðis, og hugað sérstaklega að gangandi vegfarendum.....	33
4.1.2	Miðla skal sögu svæðisins og upplýsingum um nánasta umhverfi og náttúrufar til vegfarenda.	34
4.1.3	Hlúa að svæðinu og nánasta umhverfi þess.	34
4.1.4	Viðhald húsa og viðbyggingar	34
4.2	Sérskilmálar	35
4.2.1	Arnarhóll - Langahlíð 8.....	35
4.3	Lagarammi.....	35
4.4	Staða verndarsvæðis innan skipulags	35
4.4.1	Aðalskipulag.....	36
4.4.2	Deiliskipulag	36
4.5	Verndaráætlun	36
4.5.1	Framhald og þróun verkefnisins.....	36
4.5.2	Leyfisveitingar	36
5	Samráð	36
6	Samþykktir sveitarstjórnar	37
6.1	Bókun skipulags- og umhverfisráðs	37
6.1.1	Áætlun um verndun og uppbyggingu.....	37
7	Ferill tillögu	37
7.1	Breytingar eftir auglýsingu.....	37
8	Lokaorð.....	37
9	Heimildir	38
10	Viðauki A - Fornleifakönnun	40
11	Viðauki B - Húsakönnun.....	40



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir verndarsvæði í byggð á Bíldudal. (Kort: Gingi, á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)

1 FORMÁLI

Vesturbyggð ákvað um mitt ár 2017 að láta vinna tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir milljónahverfið á Bíldudal. Verndarsvæði í byggð er afmarkað svæði í þéttbýli sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt ákvörðun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Það er hlutverk sveitarstjórnar hverju sinni að meta hvort innan sveitarfélagsins séu svæði sem hafi menningarsögulegt gildi sem vert sé að vernda, og skal þá leggja fram tillögu til ráðherra að verndarsvæði í byggð (Lög nr. 87/2015, 4.gr.). Sveitarstjórn Vesturbyggðar fékk Gunnlaug Björn Jónsson arkitekt (Gingi teiknistofa) og Landmótun sf. til samstarfs við verkið. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands um frágang á tillögu og greinargerð um verndarsvæði í byggð hafa verið hafðar til hliðsjónar við vinnu þessa.

Verndarsvæðið nær til húsa Milljónahverfisins. Afmörkun þess má sjá á mynd 1. Í gildandi Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð. Saman mynda húsin þyrpingu, byggingarlistarlega og menningarsögulega heild, sem hefur mikið gildi sem slík. Skráning menningarminja, þ.e. fornleifaskráning og húsakönnun liggja til grundvallar mati á varðveislugildi svipmóts byggðarinnar. Til var húsakönnun á Bíldudal frá árinu 2011 en á þeim tíma voru ekki sömu kröfur til skráningar og nú eru í gildi. Fornleifaskráning var ekki til fyrir svæðið. Því var ráðist í að skrá hús og fornleifar á

verndarsvæðinu. Var vinna við húsaskráningu í höndum Gunnlaugs Björns Jónssonar arkitekts og vinnu við að fornleifaskrá svæðið annaðist fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða, ásamt Óskari Leifi Arnarsyni, verkið fyrir hönd Vesturbyggðar. Sérstakar þakkir fá íbúar, núverandi og brottfluttir, sem bjuggu yfir ómetanlegum munnlegum heimildum þar sem skriflegar skorti.



Mynd 2. Milljónahverfið séð frá kirkjunni. (Ljósm. Gingi.)

1 TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

1.1 Inngangur

Á rúmum 10 árum byggðist upp heilstætt hverfi (byggingameistara-) funkishúsa á Bíldudal sem í daglegu tali nefnist Milljónahverfið. Hverfið hefur enn einstakan heildarsvip þrátt fyrir að tími og stundarfyrirbrigði tískustrauma síðustu 70 ára hafi skilið eftir sig spor. Mikilvægt er því að framtíðar viðhaldsvinna stuðli að og styrki svipmót hverfisins og einstakra húsa. Ætlunin er að vernd hverfisins tryggi að svo verði og stuðli að vitundarvakningu íbúa um gildi þess.

1.2 Afmörkun verndarsvæðis Milljónahverfisins

Hverfið byggðist á svokölluðu Kaupmannstúni og afmarkast í dag af Tjarnarbraut, Lönguhlíð og Brekkustíg. Gamli prestbústaðurinn, Galtafell, neðan Tjarnarbrautar er einnig innan verndarsvæðisins.

1.3 Rökstuðningur

Milljónahverfið á Kaupmannstúninu byggðist að mestu á árum heimsstyrjaldarinnar síðari en þá var mikil uppbygging á staðnum í kjölfar kaupa Gísla Jónssonar á Bíldudalseignum. Steinsteypuöldin var gengin í garð og áhrif funksjónalismans ríkjandi. Á túninu byggðist upp heildstætt hverfi steinsteyptra funkis byggingameistarahúsa. Steinsteyptrar girðingar voru þar sem við átti og steyptr ljósastaurar lýstu götu hverfisins. Í miðri uppbyggingu hverfisins ríður reiðarslag yfir. Vélskipið Þormóður ferst í febrúar 1943 og með honum 31 manns, þar af 22 búsettir á Bíldudal. Meðal þeirra sem fórust voru margir máttarstólpar þorpsins og bjuggu nokkrir þeirra í hverfinu eða voru að byggja þar (Þorkelshús, Staðarhóll, Arnarhóll og Galtafell).

Tíminn hefur farið óblíðum höndum um hverfið. Mörg húsanna hafa verið klædd málmlæðningum í takt við mismunandi tíma, steyptrar svalir og tröppur verið fjarlægðar en timbursvalir og viðbyggingar komið í staðinn. Tilgangurinn með verndarsvæðisvinnunni er að tryggja að ekki verði gengið nær húsunum og umhverfi þeirra en þegar er orðið og stuðla að aukinni meðvitund íbúa um sögulegt og sjónrænt gildi hverfisins. Einnig að setja skilmála sem tryggi að komandi endurbætur og viðhaldsframkvæmdir stuðli að endurreisn hverfisins og styrki heildarmynina.


2 LÝSING Á BYGGÐINNI

Í þessum kafla er sögu og þróun byggðarinnar, landfræðilegum einkennum og staðháttum gerð skil.

2.1 Landfræðileg lega og landslagseinkenni- Náttúruleg höfn

Vestfjarðakjálkinn er um 10 til 15 milljón ára gamall, myndaður úr hraunum sem runnu frá rekabelti sem lá um Snæfellsnes og norður í Miðfjörð. Fyrir ísöld var landslag fremur flatt og lítt skorið fjöllum og dölum, þannig að hraun runnu langar leiðir úr gosbeltinu. Síðan ísöld hófst fyrir um 2,6 milljón árum surfu jöklar ofan af hraunlögunum og skriðjöklar grófu dali og firði. Um það bil 30 ísaldarskeið sem gengið hafa yfir Vestfjarðakjálkann hafa ekki megnað að sverfa dalina það mikið niður að eggjar mynduðust milli þeirra. Einkenni Vestfjarða er því háslétta, sundurskorin af dölum og fjörðum. Lítið undirlendi er í fjörðunum en innan eyra, sem hafstraumar hafa myndað, sköpuðust góð hafnarskilyrði (Vísindavefurinn).


Inn af Arnarfirði ganga dalir og firðir þar sem stóðu bæir í fjölmennri sveit og fólk lifði jafnt af sjósókn og búskap. Að vestanverðu eru Ketildalir sem ná frá Selárdal að Auða-Hrísdal en þar taka Suðurfirðir við. Suðurfirðir ná að Langanesi í botni fjarðarins þar sem eru mörk Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu. Fyrstur Suðurfjarða er Bíldudalsvogur, skjólgóður vogur þar sem lítil eyri gekk fram í voginn vestanverðan. Þar hefur verslun Arnfirðinga staðið um aldir. Ofan eyrarinnar er svokallað Búðargil og hafa skriður og snóflóð úr giliinu átt sinn þátt í myndun eyrarinnar.



Mynd 3. Bildal, Island N.V.Kyst – Patrifjörð. Opmaalt fra skonneten Fylla 1869 og Diana 1883. (Det Kongelige Danske Søkart-Arkiv).

2.2 Saga og þróun byggðar

Bíldudalur er í landnámi Ketils Þorbjarnarsonar ilbreiðs en landnám hans náði frá Kópanesi til Dufansdals og eru Ketildalir sagðir kenndir við hann. Bíldudalseyrar er getið í Grímsstaðaannál árið 1579 er sjóræningjar þeir sem rændu Bæ á Rauðasandi komu þangað, vel búnir verjum og vopnum, á tólfæringi sem þeir höfðu rænt af Eggerti Hannesyni. Hansakaupmenn virðast hafa stundað verslun á Bíldudal áður en einokunarverslun var komið á 1602. Í konungsbréfi árið 1604 er farið fram á að ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir kaupskap Hamborgarkaupmanna á „Billesöen“ eins og staðurinn er þar nefndur. Á einokunartímanum voru Patreksfjörður og Bíldudalur yfirleitt leigðir saman og oft látið nægja að gera út eitt skip á báðar hafnir en kaupsviði þeirra var þó skipt eins og best þótti henta. Kaupsvið Bíldudalsverslunar var sunnanverður Arnarfjörður og svæðið frá Hagavaðli á Barðaströnd allt til Þorskafjarðar. Árið 1703 segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: „Budeyri heitir tómmt hús niður á Bíldudalseyri hjá kaupmannsbúðinni. Bygt í fyrstunni fyrir 7 eður 8 árum að forlagi kaupmannsins, til þess að húsmaðurinn skyldi vaktu búðirnar.“ Er þetta fyrsta heimildin um fasta búsetu á eyrinni en kaupmönnum var bönnuð veturseta. Allmikil verslun virðst hafa verið á Bíldudal samanbúið við aðra verslunarstaði. Kvartað er við amtmann árið 1737 um að hagar spillist af átroðningi ferðamanna og að kaupmenn reisi hús, án heimildar, á landi í einkaeign. Síðasta tímabil einokunarverslunarinnar var Konungsverslunin síðari 1774-1787 og verður þá sú breyting, árið 1777, að starfsmenn verslunarinnar eru látnir setjast að á helstu verslunarstöðunum og versla allt árið, sem hafði í för með sér að auka þurfti verulega húsakost.



Mynd 4. Hús einokunarverslunarinnar. Teiknað af Ingivaldi Nikulássyni eftir lýsingu Katrínar Guðbrandsdóttur, tengdadóttur Ólafs Thorlaciusar. (Þjóðskjalasafn Íslands).

Tímabil fríverslunar hefst árið 1788 og tóku þá danskir kaupmenn víðast við verslunarstöðunum en á Bíldudal keypti íslenskur maður, Ólafur Þórðarson Thorlacius (1761-1815) verslunina árið 1789. Auk verslunar stundaði Ólafur einnig útgerð og fiskverkun. Hann festi kaup á flutningaskipi, sem hann nefndi Bildahl, sigldi með saltfisk til Spánar og þótti Bíldudalssaltfiskurinn bera af öðrum saltfiski. Sumarið 1806 keypti Ólafur tvö fyrstu þilskip sín sem gerð voru út frá Bíldudal og var hann ásamt Bjarna Sívertsen frumkvöðull í þilskipaútgerð Íslendinga. Þilskipaútgerð stóð lengur á Bíldudal en annars staðar á landinu eða allt fram til ársins 1936. Ólafur hafði, þegar hann lést af slysförum í Kaupmannahöfn árið 1815, eignast Hæstakaupstaðsverslun á Ísafirði og Stykkishólmsverslun og var talinn hafa látið eftir sig mikinn auð. Tólf árum eftir fráfall Ólafs giftist ekkja hans, Guðrún Thorlacius, Þorleifi skipherra Jónssyni (1789-1866) sem keypti Bíldudalsverslun af sonum Guðrúnar. Þorleifur rak verslunina ásamt umfangsmikilli útgerð og saltfiskverkun til ársins 1856. Hafði hann lengi 4-5 skútur ásamt því að hann keypti fisk af útvegsbændum við Arnarfjörð og fékk hann viðurnefnið „hinn ríki“. Eftirmaður Þorleifs, Erik Olsen, lét rífa hús einokunarverslunarinnar og byggði íbúðarhús og pakkhús að miklu leyti úr viðum einokunarhúsanna. Voru hús þessi, sem stóðu fram yfir 1880, sögð minni en einokunarhúsin.¹ Þrátt fyrir mikil umsvif og dugnað Ólafs, Þorleifs ríka og eftirmanna þeirra er varla hægt að tala um þéttbýlismyndun á Bíldudal fyrr en uppúr 1880 en þá verða stakkaskipti með kaupum Péturs J. Thorsteinssonar á Bíldudalsverslun.

¹ Pakkhúsið stóð að mestu leyti fram til ársins 1929 þegar kaupmannshús Péturs Thorsteinssonar brunnu.



Mynd 5. Bildudalur um 1880 þegar Pétur J. Thorsteinsson kaupir verslunina. (Ljós. Frederik Antonius Löve, eigandi Þjóðminjasafnið.)

2.2.1 Sjávarþorp myndast – Saga þorpsins.

Í bréfi til Stjórnarráðs Íslands 21. Nóv. 1917, vegna frumvarps til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, mælir Guðmundur Hannesson með því að leitað sé til Landsverkfræðings og G. Samúelssonar. Einnig að leitað sé álits reyndra útgerðarmanna, m.a. Thor Jensens og Péturs Thorsteinssonar.

„Hefur annar byggt heilt kauptún, og betur en víðast gerist hjá oss, en hin myndarlegustu útvegshúsin á landinu, og sýnt í því bæði smekk og hagsýni; er auk þess víðsýnn maður og glögg skygn á hvað hagkvæmt sé.“

Þegar hér var komið sögu hafði byggst upp þorp í kringum útgerð, fiskverkun og verslun Péturs J. Thorsteinssonar og þeirra framkvæmda sem honum fylgdu. Þegar hann kaupir verslunarstaðinn árið 1880 og flytur með fólk sitt þangað eru íbúar á Bildudalseyri 22. Þegar Pétur flytur svo búferlum með fjölskyldu sína til Kaupmannahafnar, árið 1903, eru íbúar Bildudals orðnir 311 talsins.


Lóðin sem kaupstaðurinn stóð á var metin á fimm hundruð krónur og fylgdi tún sem gaf af sér eitt kýrfóður í meðalári. Á lóðinni stóðu nokkur hús, þar á meðal íbúðarhús með uppmúruðum veggjum og bindingsverki og tvíloftað pakkhús með sölubúð, vörugeymslu og saltstíu. Voru viðir þessara húsa að miklum hluta úr einokunarhúsunum. Fiskhús, bræðsluhús og hjallur voru úr timbri en önnur hús sem tengdust versluninni ásamt útihúsum voru úr torfi og grjóti.

Einnig voru á lóðinni kálgarðar, umgirtir torf- og grjótveggjum, og fiskreitir meðfram fjörunni.




Mynd 6. Fiskiskútan Gyða smíðuð á Bíldudal í tíð Péturs J. Thorsteinssonar. (Ljós úr bókinni Bíldudalskóngurinn.)


Pétur fékk aðeins eitt þilskip, Pilot sem var 24 tónna jagt, með versluninni en þilskip voru forsenda verslunar og saltfiskverkunar á Bíldudal. Haustið 1881 sigldi hann með fullfermi saltfisks á Pilot til Kaupmannahafnar. Í Höfn gerir Pétur samning við danska kaupmenn og sameignarfélagið „Bíldudals-Handelsselskab“ er stofnað. Þetta gerði honum kleift að bæta við öðru skipi. Er heim var komið gerði Pétur félag með útvegsbændum í Arnarfirði um kaup á fleiri skútum og árið 1885 voru skipin orðin fjögur. Sama ár byggði hann 60 metra langa bryggju fyrir skútur sínar og árið 1897 aðra bryggju nokkuð utar þar sem meira aðdýpi var og millilandaskip gátu lagst að, en það sumar gengu 10 þilskip frá Bíldudal. Pétur var ásamt frænda sínum Ásgeiri G. Ásgeirssyni á Ísafirði, sem Ásgeirsverslun er kennd við, fyrstur manna á Íslandi til að gera bryggjur sem skip gátu lagst að og voru brautarteinar upp frá bryggjunum upp í pakkhús, fiskihús og fiskreiti. Kristján Kristjánsson bátasmiður var ráðinn til að sjá um viðhald þilskipaflotans auk þess sem hann smíðaði þrjú skip á tíma Péturs á Bíldudal.




Mynd 9. Verslunar og íbúðarhús P. J. Thorsteinssonar 1894.
(Ljós. birt í Ísafold 19.des. 1929.)



Mynd 8. Verslunarhús Péturs um 1890. (Ljós. úr bókinni
Bílsudalskóngurinn.)



Mynd 7. Teikning Ingivaldar Nikulássonar af kaupmannshúsum Péturs. (Þjóðskjalasafn Íslands).



Mynd 10. Grunnmynd verslunar- og íbúðarhússins gerð af Ingivaldi Nikulássyni. (Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti).

Pétur lét sér ekki nægja að byggja upp Bíldudalsþorp því árið 1892 tekur hann hluta verslunarlóðarinnar á Vatneyri á leigu og árið 1896 kaupir hann Vatneyrarverslun þar sem hann stóð fyrir mikilli uppbyggingu.

Helgi Helgason heimsótti Vestfirði árið 1897 og skrifaði grein sem birtist í Ísafold 8. desember sama ár og er fyrisögn greinarinnar „Reykjavík á eptir“ og segir þar meðal annars; „Á Bíldudal við Arnarfjörð hjá herra P. J. Thorsteinsson kaupmanni er mest framförin. Mjer er óhætt að fullyrða, að hann einn hefir gjört meira en allir Reykjavíkurkaupmenn um eða yfir 20, og þó allt bæjarfélagið væri með talið, í þá átt að gera góðar bryggjur og leggja akbrautir og fl. Við eldri bryggjuna á Bíldudal geta 3 þilskip legið, og má ferma og afferma þau öll í senn; þar ganga tvöfaldir akteinar frá bryggjusporði og alla leið upp í vörugemysluhús, svo og í gegnum þau sum og út á enda á fiskþerriplássum, og er það á annað hundrað faðma að vegarlengd. Herra Thorsteinsson var í sumar að láta smíða nýja bryggju, miklu stærri og veglegri en hina, áttu gufuskip að geta legið við hana; á henni eiga einnig að vera akteinar upp að vöruhúsunum.“ Helgi ber síðan saman þann vinnusparnað sem framkvæmdirnar hafa haft í för með sér, tveir piltar með kerru á akteinum sem þeir fóru léttilega með eru að afkasta jafn miklu og 30 karlmenn þyrfti til í Reykjavík. Síðan segir hann: „Annað sem mér þótti mikils um vert hjá herra Thorsteinsson, var, að hann hefir veitt vatni gegnum pípu úr uppsprettulind í fjallinu fyrir ofan kaupstaðinn niður að efra enda bryggjunnar. Aðrar pípur lágu að íbúðarhúsi hans, og á ýmsa staði í húsinu. Þurfti ekki annað en snúa hana; þá bunaði þar inn allrabezta vatn, jafnvel á efra lopti hússins. Skip lá við bryggjuna, er þurfti að byrgja sig að vatni; Var þá skrúfuð slanga við enda

vatnspípunnar, er náði ofan í skipið, og á skömmum tíma höfðu skipverjar fyllt öll vatnslát á skipinu. Mörgu var þar á Bíldudal vel fyrir komið, og eptirbreytnisvert.“

Herra Thorsteinsson hófst fljótega eftir komu sína á Bíldudal handa við endurbætur á húsum og nýbyggingar. Hann byggir við gamla pakkhúsið og síðan tvílyft hús, yfir 9 metra breytt sund milli gamla íbúðarhússins og pakkhússins, með porti þar sem brautarteinar lágu í gegn niður á bryggju. Árið 1894 er gamla íbúðarhúsið rifið og nýtt íbúðarhús byggt sem sagt var eitt það veglegasta á landinu og var þá húsalengjan orðin 40 metrar. Hús þessi stóðu til 19. des. 1929 er stórbruni varð á staðnum þar sem alls brunnu 5 hús. Pétur lét reisa mörg önnur hús og gerði öðrum kleift að byggja með því að lána allt efni til þeirra sem þurftu, og voru það flestir húsbyggjendur. Bíldudalur breyttist á tíma Péturs úr litlu verslunarplássi í gróskumikið úrgerðarþorp. Fjöldi íbúa fjórfaldaðist á áratugnum 1891-1901, fjölgaði úr 73 í 285 og þegar Pétur flutti frá staðnum árið 1903 voru íbúar orðnir 311. Einn þeirra sem flutti til þorpsins úr sveitinni var fræði- og verkamaðurinn Ingivaldur Nikulásson en hann lýsir muninum með eftirfarandi orðum: „*Hvílíkur munur að vera vinnumaður í sveit og strita oft 16-17 stundir á sólarhring ýmist á sjó eða landi með 30-40 kr. árslaunum eða að hafa 10-12 kr. um hverja viku mest allt sumarið auk fæðis, fyrir aðeins 12 stunda vinnu á dag.*“

Samfara þéttbýlismyndun verður til ýmis konar menningarstarfsemi. Barnaskóli er stofnaður, lestrarfélag starfar og góðtemplarastúkan Iðunn byggir samkomuhúsið Baldurshaga árið 1895 þar sem Pétur lánaði fyrir byggingarefni. Í samkomuhúsinu voru settar upp leiksýningar, dansleikir og skemmtanir haldnar, einnig fóru þar fram guðspjónustur þar til kirkja var byggð í þorpinu og prestur sest þar að. Sóknarkirkja Suðurfjarðahrepps hafði um aldir staðið í Otradal en árið 1906 var ný kirkja vígð á Bíldudal, hönnuð af Rögnvaldi Ólafssyni, og sú gamla afhelguð. Á sama ári var nýr barnaskóli tekinn í notkun, einnig hannaður af Rögnvaldi, og Dalahreppur og Suðurfjarðahreppur verða sérstakt læknishérað með læknasetri á Bíldudal. Árið 1901 lét Pétur setja upp prentsmiðju í þorpinu, réð prentara, og hóf útgáfu blaðsins Arnfirðings og fékk skáldið Þorstein Erlingsson til að ritstýra. Útgáfan stóð aðeins í tæpt ár en Þorsteinn hafði mikil áhrif á menningarstarfsemi í þorpinu, sá m.a. um að æfa leikrit og margir sem honum kynntust urðu fyrir áhrifum af skoðunum hans, þar á meðal hinn sjálfmenntaði fræðimaður Ingivaldur Nikulásson² en hann ritaði m.a. merka ritgerð, „Frá liðnum tímum, sagnir frá Bíldudal“ sem er ein helsta heimildin um sögu þorpsins.

² Ingivaldur Nikulásson, (1877-1951), hafði aðgang að „hrepps bókaræfrildi“, frá árinu 1803-? Við ritun ritgerðarinnar „Frá liðnum tímum. Sagnir frá Bíldudal“. Ræfrildi þetta er líklega glatað og allar fundargerðarbækur Suðurfjarðahrepps og Bíldudals fyrir sameiningu.



Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns

Mynd 11. Gjaldmiðill Péturs J. Thorsteinssonar & co.
(Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns Íslands.)



Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns

Mynd 12. 100 króna hlunkur. (Myntsafn Seðlabanka og
Þjóðminjasafns Íslands.)

Pétur var í raun einvaldur á Bíldudal og var afkoma íbúa undir honum komin. Laun manna voru greidd í vörum í verslun hans eða í peningum sem verslunin gaf út og kallaðir voru Bíldudalshlunkar. Bíldudalur var í raun ríki í ríkinu, ríki Péturs J. Thorsteinssonar. Pétur þótti þó almennt mildur og réttlátur stjórnandi en hann rak fyrirtæki sitt í anda þeirra tíma er þá voru. Haft var eftir Pétri: „*Þessi staður er ég, og ég er þessi staður.*“




Mynd 13. Bíldudalseyri ca. 1905. (Ljósmynd af ljósmynd í eigu Jóns Kr. Ólafssonar)



Mynd 14. Fiskverkakonur á Bíldudal. Tekin af Gunhild Thorsteinsson um aldamótin 1900. (Þjóðminjasafn Íslands.)

Árið 1907 stofnaði Pétur ásamt Thor Jensen og dönskum aðilum svokallað Milljónafélag og lagði hann til þess hlut sinn í Bíldudalseignum og Vatneyrarverslun. Milljónafélagið hafði í byrjun talsverð umsvif á Bíldudal, gerði þar m.a. út tvo togara, hóf vélbátaútgerð og reisti stórt fiskþvottahús en í það var dælt sjó með vélarafli. Mikil atvinna var til að byrja með við byggingar, sjósókn og fiskvinnslu. Milljónafélagið greiddi laun út í peningum og gat nú fólk ráðið hvar það verslaði. Varð því vísir að samkeppni og grundvöllur fyrir smáverslanir og pöntunarfélög. Kaup stóð hinsvegar í stað og var því ráðist í að stofna verkalýðsfélagið Skjaldborg árið 1908. Félagið stóð veikum fótum, voru félagsmenn sniðgengnir ef aðrir fengust í vinnu og þegar samdráttur varð árið eftir var ákveðið að slíta félaginu þar til betra tækifæri byðist. Umsvif og atvinna hélt áfram að dragast saman á Bíldudal og um áramótin 1913-1914 hætti Milljónafélagið starfsemi sinni þar.



Mynd 15. Uppdráttur af Bıldudal 1913. (Landmælingadeild danska herforingjaráðsins.)

Árið 1914 varð Milljónafélagið gjaldþrota og voru eignir þess á Bıldudal seldar Hannesi B. Stephensen, verslunarstjóra hjá félaginu, og bróður hans Þórði Bjarnasyni kaupmanni í Reykjavík. Nú varð sú breyting á að flest viðskipti voru aftur skrifuð í reikninga og var peninga verslunar Milljónafélagsins sárt saknað. Smá saman fækkaði þilskipum og þó að trillum fjölgaði þá hallaði undan fæti. Útflutningsverð fiskafurða lækkaði og þar með fóru kjör verkafólks versnandi. Gengishækkun árið 1925 olli fiskútflytjendum miklum erfiðleikum og varð hún verslun Hannesar B. Stephensen & co að falli. Gjaldþrotið varð verkafólki og bændum í Arnarfirði áfall þar sem innlegg og inneign þeirra í versluninni tapaðist. Þó að fjórar aðrar verslanir væru í plássinu var verslun Hannesar sú eina sem keypti fisk, flutti inn kol og salt og veitti einhverja atvinnu að ráði. Á þessum árum urðu þó ýmsar framfarir og sú helsta að Hnúksá var virkjuð árið 1918, rafstöðvarhús byggt og rafmagn leitt í hús til ljósa.

Eftir fjörbrot einkaframtaksins samþykkti almennur íbúafundur að stofna Bjargráðafélag Arnfirðinga. Félaginu var ætlað að verða samvinnufélag um útgerð og verslun og tók það eignir Bıldudalsverslunar á leigu af Íslandsbanka. Fljótlega urðu þó hagsmunir útgerðarmanna

og útvegsbænda ofaná og hagsmunir alþýðu undir. Félagið stóð fram að nýári 1930 en þá seldi bankinn Ágústi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Bjargráðafélagsins, Bíldudalseignir. Kreppuárin fóru nú í hönd með harðnandi verkalýðsbárattu og árið 1931 er verkalýðsfélagið Vörn stofnað á Bíldudal. Í félaginu áttu sæti bæði karlar og konur en ein helsta krafa þess var að fá laun greidd í peningum. Félagið náði samningum við Ágúst í ársbyrjun 1934 og var þá kaup karla 95 aurar en kvenna 65 aurar. Það segir þó ekki alla söguna því oft gengu karlar í störf kvenna fyrir kvenmannskaup. Setti verkalýðsfélagið því reglur um „vinnu karla í forföllum heimiliskvenna“ þar sem þessari vinnu voru settar ákveðnar skorður. Á kreppuárunum var háð varnarbáratta á Bíldudal og fólki fækkaði. Reynt var með ýmsum aðgerðum að sporna við þessari þróun og árið 1936 stóð Suðurfjarðahreppur fyrir byggingu frystihúss með stuðningi ríkisins. Árið 1937 var rekstur Ágústar Sigurðssonar kominn í þrot. Á fundi í verkalýðsfélaginu var skorað á yfirvöld að ríkið tæki Bíldudalseignir til umráða og reksturs og komið var á fót pöntunarfélagi sem síðar varð að Kaupfélagi Arnfirðinga.

Á nýjári 1938 eru Bíldudalseignir boðnar upp og kemur þá til sögunnar nýr „Bíldudalskóngur“, Gísli Jónsson, og hófst hann þegar handa við uppbyggingu. Ný verslun, Maron, var stofnuð, hafskipabryggja var byggð, fiskimjölsverksmiðja og niðursuðuverksmiðja reist. Verksmiðjurnar voru búnar fullkomnustu vélum sem völ var á og tóku þær til starfa í september 1938. Þorvaldur Guðmundsson, síðar kendur við Síld og fisk, sá um undirbúning og uppsetningu niðursuðuverksmiðjunnar en hann hafði kynnt sér niðursuðu erlendis og komið upp fyrstu rækjuverksmiðunni á Ísafirði. Verksmiðjan var vígð með mikilli viðhöfn 4. september 1938 og í því tilefni leigði Gísli Gullfoss til að flytja gesti til Bíldudals.



Mynd 16. Sýnishorn af framleiðslu niðursuðuverksmiðjunnar. Úr vörulista Matvælaíðjunnar hf. frá 7. áratugnum.

Bíldudalur iðaði aftur af lífi og þegar stríðið skall á 1939 vænkaðist hagur útgerða- og sjómanna og veltiár stríðsins juku bjartsýni íbúa. Árið 1941 keypti Gísli togarann Baldur sem hann gerði út frá Bíldudal. Nýtt hverfi reis á Kaupmannstúninu og lagði Gísli til lóðir. Hverfið með sínum steinsteyptu funkishúsum þótti svo veglegt að farið var að kalla það Milljónahverfið. En mitt í góðærinu og uppbyggingunni varð Bíldudalur fyrir þungu höggi. Í febrúar 1943 fórst vélskipið Þormóður á leið sinni frá Bíldudal til Reykjavíkur og með honum fórust 31 maður og þar af voru 22 búsettir á Bíldudal. Meðal þeirra sem fórust voru margir

helstu máttarstólpar þorpsins og vilja margir meina að Bíldudalur hafi varla borið barr sitt síðan, nema að vera skyldu síðustu ár. Gísli selur niðursuðuverksmiðjuna og mjölverksmiðjuna árið 1951 en áður hafði hann selt Kaupfélagi Arnfirðinga stórt verslunarhús í byggingu. Sagt er að Gísli, sem sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn, hafi reiðst þegar meirihluti sjálfstæðismanna í hreppsnefnd féll árið 1952 og ákveðið að hætta öllum rekstri á staðnum þar sem Bílddælingar kynnu ekki gott að meta. Gísli var þó ekki meira í nöp við Bílddælinga en svo að 1. febrúar árið 1953 barst oddvita Suðurfjarðahrepps eftirfarandi símskeyti:


Í tilefni af því, að í dag eru liðin 15 ár síðan eigendaskipti urðu á Bíldudalseignum og grundvöllur lagður að auknu atvinnulífi þar, og sem þakklætisvottur fyrir margar ógleymanlegar ánægjustundir í baráttu fyrir bættum kjörum fólksins og hjartari framtíð staðarins, afsölum við hér með Suðurfjarðahreppi endurgjaldslaust allar lóðir og lendur sem við eigum í dag óseldar á Bíldudal. Lögformlegt afsal, lóðalýsingar og lóðasamningar verða póstagðir með fyrstu ferð. Afsalið er lítil fórn frá okkur, en væntanlega til hagsmuna fyrir hreppinn.

Guð blessi öll framtíðarstörf ykkar.

Hlín Þorsteinsdóttir og Gísli Jónsson, Hlutafélagið Njáll.

Má segja að með þessu verði ákveðin kaflaskipti í sögu þorpsins þar sem Kaupfélagið og hreppurinn verða helstu burðarásar atvinnulífsins.

2.2.2 Þróun byggðarinnar 1897-1940



Mynd 17. Uppdráttur Samúels Eggertssonar af Bíldal árið 1897. (Örnefnastofnun.)

Árið 1897 var plássið mælt upp og kortlagt af Samúel Eggertsyni. Þá eru alls 37 hús í plássinu og þar af 17 timburhús. Af húsum þessum átti verslunin 5 íbúðarhús og 13 stærri og smærri geymsluhús. Um vorið hafði Pétur látið leggja akveg út að Jaðri. Vegurinn lá ofan fiskreitanna þar sem Langahlíð er í dag, en við fjöruna eftir fiskreitunum var lögð járnbraut. Árið 1905 var svo lagður vegur inn að Litlueyri og með þessum framkvæmdum lagður grunnur að þróun og vexti byggðarinnar. Árið 1916 kom út ritið *Um skipulag bæja*, eftir Guðmund Hannesson lækni. Rit þetta var sent öllum byggingarnefndum á landinu og eru áhrif þess greinileg í mörgum byggingarsamþykktum kaptúna, m.a. á Patreksfirði, og er ekki ólíklegt að svo hafi einnig verið á Bíldudal. Árið 1921 voru fyrstu skipulagslögin samþykkt sem Guðmundur átti stóran þátt í.

Sagt er að á Bíldudal séu fjórar áttir: úteftir, inneftir, uppeftir og niðreftir. Er þá miðað við gömlu verslunarlóðina, Bíldudalseyri, og hún nefnd Miðpláss, úteftir Útpláss og inneftir Innpláss. Upphaf byggðar er í Miðplássinu en ístjörn, fiskreitir og Kaupmannstúnið takmörkuðu lengi framan af vöxt þess og því þróaðist byggð úteftir og inneftir þegar fólk fór að flykkjast á staðinn. Öll byggðin er undir brattri hlíð Bíldudalsfjalls þannig að aðeins einn vegur tengdi þorpið frá Jaðri og inn að Litlueyri. Í hlíðinni ofan byggðarinnar voru íbúar með túnskika, kálgarða og útihús og árið 1937 segir Ingivaldur: „*Jarðrækt hafði þá aukist svo, að kalla má að girt og ræktað tún með kálgörðum sé samföst heild frá Búðargili að Litlueyri.*“



Mynd 18. Uppdráttur Ingivaldar Nikulássonar af Bíldudal 1937. (Þjóðskjalasafn Íslands).

2.2.3 Milljónahverfið 1935-48

Þegar Gísli Jónsson kaupir verslunarlóðina 1938 er farið að frysta fisk til útflutnings og áherslan á saltfiskverkun og sólþurrkun minnkað. Sama ár hefjast rækjuveiðar í Arnarfirði og niðursuðuverksmiðja Gísla tekur til starfa. Samfara þessari þróun losnaði mikið land sem áður hafði verið eyrnamerkt saltfiskverkun. Ekki var not fyrir ístjörn og fiskreiti lengur og ný gata, Tjarnarbraut, var lögð frá Miðplássinu og út eftir fjöru Útplássins. Milljónahverfið byggðist að mestu á Kaupmannstúninu á árunum 1938-48. Túnið tilheyrði verslunarlóðinni og var Langahlíð innan og ofan við túnið, Tjarnarbraut fyrir neðan og Brekkustígur utan við. Tvær lóðir, Ásgarður og Sunnuhvoll utan Brekkustígs, tilheyrðu landi Valhallar. Gísli úthlutaði lóðum á túninu og til er uppdráttur sem hann lét gera árið 1942 sem sýnir lóðir, byggð og fyrirhuguð hús. En þá var búið að byggja 3 hús, Þorkelshús, Læknisbústaðinn og Heimaklett.




Mynd 19. Uppdráttur sem Gísli Jónsson lét gera árið 1942 sem sýnir skipulag Milljónahverfisins. (Skipulagsstofnun ríkisins).

Fljótlega var farið að kalla hverfið Milljónahverfið. Bæði var að húsin þóttu glæsileg og með nýtísku „funkis“ fyrirkomulagi innra skipulags, en því fylgdi m.a. vatnssalerni, bað og þvottahús innandyrna. Sá tími var genginn í garð að funkisstefnan var alsráðandi og eftirfarandi var haft að leiðarljósi:

„Eitt af mikilvægustu atriðum við fyrirkomulag hvernar íbúðar er það, að herbergjaskipan sé rétt gagnvart sól. Frá heilsufræðilegu sjónarmiði þurfa helst öll íbúðarherbergi að njóta sólar minnst 1-2 tíma á dag. Ákjósanlegast er að sólar tími hvers herbergis falli saman við þann tíma sem herbergið er aðallega notað.“³

Skipulag hverfisins tekur einnig mið af þeim línunum sem lagðar voru með ritinu „Um skipulag bæja“ eftir Guðmund Hannesson og síðar var fylgt í þeim skipulögum sem unnin voru af honum og Guðjóni Samúelssyni. Einar Sveinsson arkitekt leggur einnig áherslu á það fyrirkomulag sem er á skipulagi Milljónahverfisins í bókinni „Húsakostur og híbýlaprýði“. Hverfi höfuðstaðarins sem byggðust á sama tíma (Norðurmýri og Melar) fylgja sömu meginreglu.

³ Húsakostur og híbýlaprýði 1939 – Fyrirkomulag og gerð sérstæðra íbúðarhúsa í kaupstöðum.



Mynd 20. Lóðir Sigríðar Ágústsdóttur og systkina hennar 1945. (Uppdráttur í eigu í eigu Valgerðar Jónasdóttur.)



Mynd 21. Húsaröð Milljónahverfisins við Tjarnarbraut um miðjan fimmta áratug síðustu aldar. (Mynd í eigu Víkings Gunnarssonar.)



Mynd 22. Gengið til kirkju á 17. júní. Hús Milljónahverfisins í bakgrunni. (Eig. myndar Birna Friðriksdóttir.)

„Við vorum ung og áhugasöm, skemmtum okkur vel, fórum á öll böll og samkomur sem í boði voru. Við unnum mikið og gekk þetta bara vel. Það var gestkvæmt hjá okkur enda margt frændfólk og vinir sem umgekkst okkur. Það þótti sjálfsagt á böllum þegar átti að marséra að við urðum að fara fyrir, bæði með það og annað. Þetta bara gerðist og naut maður þess, ungur og hamingjusamur. Það var stundum erfitt að vera glaður á Bíldudal þessi fyrstu ár okkar í búskap þar sem skuggi Þormóðsslyssins hvíldi yfir okkur öllum eins og skuggi. Það hefur eflaust sett mark sitt á okkur“.⁴




Mynd 23. Milljónahverfið 1956. (Ljós. Hannes Pálsson).

⁴ Hjálmar Ágústsson sem byggði Ásgarð ásamt Svandísi Ásmundsdóttur.

2.2.4 Skipulag Teiknistofu skipulagsins 1941-46.

Suðurfjarðahreppur, byggingarsamþykktir og byggingarnefnd


Í fyrstu lögum um skipulag kaptúna og sjávarþorpa árið 1921 var miðað við að skipuleggja skyldi þéttbýlisstaði með 500 eða fleiri íbúum. Við breytingu á lögum árið 1938 var viðmiðið fært niður í 200 íbúa. Árið 1941 óskaði hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps eftir því við skipulagsnefnd ríkisins að gerður yrði skipulagsuppdráttur af kaптúninu. Skipulagsnefnd lét mæla upp staðinn árið 1943 og í framhaldi voru gerð frumdrög að skipulagsuppdrætti sem send voru hreppsnefnd árið 1944. Hreppsnefnd samþykkti frumdrögin óbreytt og var skipulagsuppdrátturinn staðfestur af atvinnu- og samgönguráðuneytinu 16. apríl 1946. Voru ýmsar minniháttar breytingar gerðar á næstu árum einkum við höfnina og hraðfrystihúsið. Þar sem fundargerðarbækur hrepps- og byggingarnefndar Suðurfjarðahrepps virðast hafa glatast eru engar heimildir til um byggingarsamþykktir.



Mynd 24. Uppdráttur Teiknistofu skipulagsins. (Skipulagsstofnun ríkisins).



Mynd 25. Uppdráttur frá Teiknistofu skipulagsins. Staðsetning minnismerkis. (Skipulagsstofnun ríkisins).



Mynd 26. Uppdráttur Jóns H. Björnssonar landslagsarkitekts af almenningsgarði. Litaður uppdráttur sem hékk uppi á vegg hjá byggingarfulltrúa í kaupfélagshúsinu, er nú glataður ásamt öllum gögnum byggingarfulltrúa. (Skipulagsstofnun ríkisins).

2.2.5 Byggingarmeistarar / Hönnuðir

Litlar heimildir eru um byggingarmeistara og hönnuði þar sem teikningasafn Suðurfjarðahrepps og fundargerðarbækur glötuðust við sameiningu sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum. Einu teikningarnar sem varðveist hafa eru teikningar Húsameistara ríkisins af prestbústaðnum Galtafelli og sjúkraskýlinu sem var með lækisbústað á efri hæð. Byggingarmeistarar höfðu funkisinn að leiðarljósi við hönnun og bygginu húsa í Milljónahverfinu. Með byggingu prestbústaðarins Galtafells má segja að Húsameistari ríkisins hafi lagt línurnar fyrir hús hverfisins. Einnig mun bókin *Húsakostur og híbýlaprýði*, sem kom út árið 1939, hafa haft áhrif á húsasmíðameistara og hönnuði á Bíldudal sem og annars staðar á landinu. Hjálmar Ágústsson sem lét byggja og bjó í Ásgarði ritar: „Teikning og hönnun á húsinu gerði Þorvaldur Friðriksson fyrir mig en hann gerði margar teikningar fyrir menn sem voru að byggja. Það gerði hann á einu kvöldi veturinn áður. Út frá því gerði Jóhann Gíslason byggingarteikningu og samdi ég við hann að byggja. Hann var þá að byggja Þórshamar á næstu lóð við og var þetta þægilegt fyri hann.“ Þorvaldur mun hafa

verið Friðfinnson og var hann verksmiðjustjóri niðursuðuverksmiðju Gísla Jónssonar.⁵ Vafalaust hefur Þorvaldur verið hönnuður fleiri húsa í Milljónahverfinu, enda sagður fjölbýlishús þorpsins stendur við botnlangagötu frá Dalbrautinni niður að fjöru. Þegar lengra er haldið verður byggðin að blöndu „nýrri“ og eldri húsa. Einkum er svæðið milli Hafnar- og Dalbrautar áhugavert með fjölda húsa frá upphafsárum þorpsins. Tjarnarbraut liggur í framhaldi af Dalbraut og er nafn götunar dregið af ístjörn sem hafði lokið hlutverki sínu þegar gatan var gerð. Neðan Tjarnarbrautar er „menningarmiðja“ Bíldudals, prestbústaðurinn Galtafell, kirkjan, gamli barnaskólinn og niðursuðuverksmiðjan sem nú hýsir Skrímslasetrið. Þegar áfram er haldið tekur útplássið við þar sem saltfiskreitir voru við sjóinn en byggðin að mestu uppi í hlíðinni við Lönguhlíð. Útplássið hefur látið talsvert á sjá vegna nýlegra snjóflóðavarnargarða sem mörg gömul hús urðu að víkja fyrir. Þó er talsvert heilleg röð gamalla varðveisluverðra húsa eftir við Lönguhlíð.

2.2.6 *Einkenni núverandi byggðar og Milljónahverfisins*

Þegar komið er inn í þorpið taka „yngstu“ húsin á móti, sem flest eru byggð eftir teikningum Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Einnig eru timbureiningahús nokkuð áberandi og eina fjölbýlishús þorpsins stendur við botnlangagötu frá Dalbrautinni niður að fjöru. Þegar lengra er haldið verður byggðin að blöndu „nýrri“ og eldri húsa. Einkum er svæðið milli Hafnar- og Dalbrautar áhugavert með fjölda húsa frá upphafsárum þorpsins. Tjarnarbraut liggur í framhaldi af Dalbraut og er nafn götunar dregið af ístjörn sem hafði lokið hlutverki sínu þegar gatan var gerð. Neðan Tjarnarbrautar er „menningarmiðja“ Bíldudals, prestbústaðurinn Galtafell, kirkjan, gamli barnaskólinn og niðursuðuverksmiðjan sem nú hýsir Skrímslasetrið. Þegar áfram er haldið tekur útplássið við þar sem saltfiskreitir voru við sjóinn en byggðin að mestu uppi í hlíðinni við Lönguhlíð. Útplássið hefur látið talsvert á sjá vegna nýlegra snjóflóðavarnargarða sem mörg gömul hús urðu að víkja fyrir. Þó er talsvert heilleg röð gamalla varðveisluverðra húsa eftir við Lönguhlíð.

Milljónaverfið er ofan Tjarnarbrautar á gamla Kaupmannstúninu, afmarkað af Lönguhlíð og Brekkustíg (öðru nafni Maríubrekka). Það sem einkum einkennir hverfið í dag, þrátt fyrir allar síðari tíma breytingar á einstökum húsum, er form húsanna, valmaþökin með köntum og gluggasetning. Einnig er skipulagið og staðsetning húsanna með tilliti til sólarátta einkennandi. Götumynd Tjarnargötu líður einkum fyrir það að víða hafa bílastæði verið gerð á forlóðum húsanna. Götumynd Lönguhlíðar er vel varðveitt, steiptir stoðveggir eru á lóðamörkum þar sem húsin standa talsvert neðar í landi en gatan sjálf.



Mynd 27. Hús Milljónahverfisins við Lönguhlíð. (Ljósm. Gingi.)

⁵ Hjálmar mun haf misritað föðurnafn Þorvaldar Friðfinnssonar og hefur sonur hans séra Jakob Ágúst Hjálmarsson staðfest það.



Mynd 28. Nútíminn? (Ljósm. Gingi.)



Mynd 29. Fortíðin? (Ljósm. Gingi.)



Mynd 30. (Ljósm. Gingi.)



Mynd 31. (Ljósm. Gingi.)

2.3 Minjar

Fornleifaskráning hefur verið unnin sem undirbúningur þess að Milljónahverfið á Bíldudal verði verndarsvæði í byggð. Skráningin var unnin í samræmi við lög um menningarminjar nr.80/2012 og skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands.

Milljónahverfið byggðist að mestu upp á árum síðari heimstýrjaldarinnar. Hverfið er byggt í Kaupmannstúninu sem var upp af verslunar- og hafnarsvæðinu á Bíldudalseyri. Skráningarsvæðið er í þéttbýli og hafa byggingarframkvæmdir og annað rask afmáð ummerki um menningarminjar á yfirborðinu. Allar skráðar minjar innan svæðisins eru því fundnar við könnun ritheimilda, korta og ljósmynda. Þó að ekki séu sýnilegar minjar milli húsanna í hverfinu, hafa dæmin sýnt að innan gamalla heimatúna er margfalt meiri hætt á að komið sé niður á fornleifar við hverskonar framkvæmdir en utan túna. Þetta stafar af því að mest hefur


verið um framkvæmdir og starfsemi fólks heima á bæjarstæði hvernar jarðar í gegnum aldirnar.

Elstu heimildir um Bíldudalseyri eru í máldaga hálfkirkjunnar í Bíldudal frá fyrri hluta 14. aldar. Af máldaganum má ráða að útræði hafi verið frá eyrinni á þeim tíma og má því búast við að þar hafi verið mannvirki s.s. naust, varir, sjóbúðir, hjallar, þurrkgarðar, o.fl. sem tilheyrir fiskveiðum og verkun þess tíma. Ekki er vitað hvar þetta athafnasvæði hefur verið, en mestar líkur á að það hafi verið í skjóli innantil á eyrinni, hugsanlega á svipuðum slóðum og verslunarhúsin risu síðar.

Ekki er vitað hvenær verslun hófst á Bíldudalseyri, en elstu heimildir um hana eru frá síðari hluta 16. aldar þegar þýskir hansakaupmenn stunduðu þar verslun og höfu aðstöðu í landi s.s. búðir og virki. Dönsk einokunarverslun tók við af þeirri þýsku í upphafi 17. aldar og hélst fram undir lok þeirrar 18. þegar einokunarverslunin var afnumin. Líklega hefur athafnasvæði þýsku kaupmannanna verið á sömu slóðum og dönsku verslunarhúsin risu síðar: framarlega á innanverði eyrinni, nánar tiltekið á svæðinu þar sem félagsheimilið Baldurshagi, kaupfélagið og frystihúsið eru í dag. Við fornleifarannsóknir á þessu svæði hefur komið upp mikið af gripum frá 19. öld og hugsanlega eldri. Leifar byggingar sem þar komu í lós voru frá lokum 19. aldar.

Við vinnu við fornleifaskráninguna var farið skipulega í gegnum fyrirbyggjandi heimildir. Nokkur kort og uppdráttir eru til af Bíldudal, frá árunum 1869 og fram á miðja 20. öld sem sýna vel þróun byggðar og gefa vísbendingar um minjar sem ekki sjást á yfirborði í dag. Þá er ritgerð Ingivalds Nikulássonar gríðargóð heimild um sögu Bíldudals og þær framkvæmdir sem áttu sér stað undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20., á tímum verslunar- og fiskvinnsluveldis Péturs Thorsteinsson.

Verndarsvæðið nær yfir hús sem standa við Tjarnarbrautar (nr. 1, 3, 5, 7, 9, 10 og 12), Brekkustíg (nr. 1, 2 og 3) og Lönguhlíð (nr. 3, 4, 6, 7 og 8). Nær öll húsin sem eru innan verndarsvæðisins á Bíldudal eru reist á árunum 1940-47, en það nær þó einnig til húsa frá árunum 1900 til 1977. Á þessu svæði eru ekki beinar heimildir um margar fornleifar. Fyrir utan hið forna heimatún Bíldudalseyrrar ásamt túngörðum, er heimild um fjós sem stóð rétt við þar sem Tjarnarbraut 12 er í dag og er tímasett til 19. aldar (horfið á korti frá 1897), brunnhús sem stóð þar sem Langahlíð 4 er í dag og minjar (tún, túngarður, útihús og matjurtagarður) sem tilheyra húsinu Kurvu/Gimli sem byggt var um 1900. Utan við verndarsvæðið er þó fjöldi skráðra minja. Fyrst ber að nefna bæjarstæði Bíldudalseyrrar hefur verið norðan eða austan við félagsheimilið Baldurshaga. Á þeim slóðum voru síðar ræktaðir tveir matjurtagarðar. Þá eru byggingar sem staðið hafa nálægt Læknishúsinu (Vegamótum) í suðvestur hluta túnsins. Um verndarsvæðið lágu tvær götur, önnur um mitt svæðið og hin ofar þar sem Langahlíð er í dag. Stór matjurtagarður var í upphafi 20. aldar í norður hluta túnsins og geymsluhús/tófuhaus og ístjörn austan við það. Tengsl verndarsvæðisins eru órjúfanleg við býlið á Bíldudalseyri og verslunarstaðinn.



Mynd 32. Greiningarkort skráðar minjar innan verndarsvæðis. (Óskar Leifur Arnarsson fornleifafræðingur)

2.4 Verndarflokkar

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er að finna ákvæði um verndun húsa, mannvirkja og leifa þeirra. Það geta verið hús sem friðuð eru skv. ákvörðun ráðherra skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr.80/2012 og hús sem friðuð voru á grundvelli eldri laga. Hús sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldurákvæði 29. gr. sömu laga. Hús sem hvorki eru friðlýst né friðuð, en byggð árið 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru árið 1940 eða fyrr eru umsagnarskyld og skylt er að leita álits Minjastofnunar ef á að breyta þeim húsum, flytja þau eða rífa. Samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar eru verndarflokkar skilgreindir út frá varðveislugildi húsa og mannvirkja, götumynda, húsabyrpinga og heilda og afmarkaðra reita innan verndarsvæðis.

2.4.1 *Hús og mannvirki eða leifar þeirra sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar*

Tvö hús sem byggð eru á öðrum tíma en Milljónahverfið eru innan verndarsvæðisins. Annars vegar er það Kurfa (Langahlíð 3), sem dæmi um hús frá eldra tímabili. Hinsvegar er það Langahlíð 4, sem var byggt á auðri lóð innan hverfisins, sem dæmi um tímabil bygginga Húsnæðisstofnunar ríkisins sem tók við í lok sjötta áratugarins. Einungis Kurfa fellur undir ákvæði laga um menningarminjar.



Mynd 33. Greiningarkort - friðuð og friðlýst hús. (Landmótun, 2022).

2.5 Greining á svipmóti byggðar

Hér á eftir fer nánari greining á svipmóti byggðar og landslags.



Mynd 34. Bíldudalsvogur, fjall, eyri og byggð. (Ljósm. Gingi.)

2.5.1 Svipmót byggðar og landslags

Bíldudalsvogur liggur suðvestur úr Arnarfirði og er girtur háum fjöllum á báða vegu en nokkuð undirlendi er upp af botni vogsins. Undir bröttum hlíðum Bíldudalsfjalls við norðvestanverðan veginn, neðan við Búðargil, er Bíldudalseyrin. Góð hafnarskilyrði gerðu eyrina að ákjósanlegum verslunarstað og síðar aðsetri kaupmanna. Þéttbýlismyndun hófst með komu Péturs J. Thorsteinssonar árið 1880, fyrst á sjálfri eyrinni en síðan inn- og úteftir undir hlíðum fjallsins. Uppteftir byggðist fyrst þegar ekki var lengur not fyrir Kaupmannstúnið ofan eyrarinnar og byggðist þar Milljónahverfið á fimmta áratug síðustu aldar. Svipmót byggðarinnar mótaðist af landslaginu og atvinnu- og lifnaðarháttum þess fólks sem flutti úr sveitum í þorpið. Í brattri hlíðinni ofan þorpsins voru lengi vel tún og kálgarðar þorpsbúa sem fluttu með sér lifnaðarhætti sveitamanna í þéttbýlið sem var að myndast. Á síðasta áratug hefur eyrin vaxið í sjó fram þar sem mikil þörf hefur verið á lóðum fyrir nýja starfsemi svo sem kalkþörungavinnslu og fiskeldi ásamt viðleguköntum fyri stór flutningaskip. Byggingar og uppfyllingar samfara þessari starfsemi eru að breyta ásýnd þorpsins en þeim fylgir langþráð atvinnuuppbygging og fólksfjölgun.

2.5.2 Svipmót og aldur bygginga

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð og óheimilt er að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Þá er eigendum húsa og mannvirkja sem byggð eru fyrir 1925 skylt að leita álits Minjastofnunar með minnst 6 vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, rífa eða flytja. Eina húsið sem fellur undir þessa skilgreiningu er Kurfa, Langahlíð 3, sem tekið er með í verndarsvæðið sem dæmi um alþýðuhús frá tíma Péturs J. Thorsteinssonar. Húsið var það eina sem fyrir var á svæðinu, ofan Kaupmannstúnsins, þegar uppbygging Milljónahverfisins hófst.



Mynd 35.T.v. Kurfa, öðru nafni Gimli. T.h. Þórshamar, götuhlið. (Ljósm. Gingi.)

Þegar Milljónahverfið var byggt (1939- 48) var steinsteypuöldin gengin í garð og funkisinn réði ríkjum og eru áhrif þeirrar stefnu á hús og skipulag hverfisins augljós. Staðsetning, innra



Mynd 36.T.v. Arnarhóll, best varðveitta hús Milljónahverfisins. T.h. Langahlíð 4, tímabil Húsnaðismálfélagið tekið við. (Ljósm. Gingi)



Mynd 37.T.v. Þórshamar frá Mariubrekku. T.h. Heimaklettur með einu varðveittu tröppusvalir hverfisins. Rennukantur horfinn. (Ljósm. Gingi.)

skipulag og gluggar taka mið af sólaráttum. Húsin voru sléttmúruð eða skeljuð með steiptum rennuköntum, svölum og útitröppum, hornluggum og lágu valmaðaki.

2.5.3 Umferðaleiðir/tengingar/götumynstur

Kaupmannslóðin og upphaf byggðarinnar var á Bíldudalseyri, Miðplássinu. Árið 1897 var lagður vegur út að Jaðri og lá hann ofan Kaupmannstúnsins og fiskreitanna, nokkurn veginn þar sem Langahlíð er í dag. Áður höfðu verið lagðir járnbrautarteinar neðan tjarnarinnar og út eftir fiskreitunum. Þegar hætt var að sólþurrka saltfisk og ekki lengur þörf á tjörninni til ístöku var gerð ný gata, Tjarnarbraut, frá Miðplássinu og út að Jaðri. Árið 1905 var lagður vegur inn að Litlueyri þar sem nú er Dalbraut. Tjarnarbraut/Dalbraut er í dag aðalgata og megin umferðarleið í gegnum þorpið en tvær aðrar götur tengjast götunni, Hafnarbraut og Langahlíð.

2.5.4 Sjónásar og kennileiti

Þegar komið er niður af Hálfðáni blasir þorpið við á eyrinni og undir hlíðum Bíldudalsfjalls. Helstu kennileiti þorpsins eru Bíldudalseyrin undir bröttum hlíðum Bíldudalsfjalls og Otradalsfjall handan vogsins. Langanesið og Tjaldanesfjöll eru áberandi handan fjarðarins. Kirkjan var áður eitt meginkennileiti þorpsins en segja má að kalkþörungaverksmiðjan sé í dag mest áberandi, en séð handan vogsins glittir í kirkjuturninn bak við verksmiðjuhúsin.



Mynd 38. Horft yfir Bíldudalsvögin og þéttbýlið í átt til norðurs. (Ljósm. Gingi.)

3 VARÐVEISLUMAT

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er SAVE-aðferðafræði beitt. Þar er varðveislugildi hvers húss metið út frá byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunalegu ástandi og tæknilegu ástandi (Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2017).

3.1 Byggingarlist - listrænt gildi

Að teknu tilliti til seinni tíma breytinga á einstökum húsum er listrænt gildi hverfisins miðlungs hátt. Eina húsið sem er óbreytt frá upphafi er Langahlíð 8, Arnarhóll. Einnig má nefna Tjarnarbraut 5 sem er óbreytt að undanteknum þakkanti sem hefur verið klæddur, en húsið er óvenju vel varðveitt að innan og mikilvæg heimild um lifnaðarhætti fyrri tíma.

Byggingarlistarlegt gildi svæðisins er miðlungs hátt.

3.2 Menningarsögulegt gildi

Menningarsögulegt gildi svæðisins er mikið en það er í dag vitnisburður um nýtt skeið í uppbyggingu og byggingarsögu Bíldudals um miðja síðustu öld. Stærsti atvinnurekandinn á Bíldudal og eigandi verslunarlóðarinnar, Gísli Jónsson, lét gera skipulagsuppgátt af Miðplássinu árið 1942. Kaupmaður Bíldudalseyrar þurfti ekki lengur á túni að halda til heyskapar og úthlutaði lóðum á túni sínu. Þéttbýlissamfélag hafði skotið rótum og íbúar hverfisins voru ekki lengur með annan fótinn í sveitinni. Húsin byggðust á Kaupmannstúninu og tæknilegar framfarir, steinsteypa og ný stefna í byggingarlist, funkisinn, mótuðu hverfið. Íbúar tilheyrðu almennt efra lagi samfélagsins og farið var að kalla hverfið Milljónahverfið.

Menningarsögulegt gildi svæðisins er hátt.

3.3 Umhverfisgildi

Kaupmannstúnið ofan Bíldudalseyrar var hluti af kaupmannslóðinni og á meðan kaupmenn voru með búskap samhliða verslun óx byggðin út eftir og inn eftir (Útpláss og Innpláss). Byggðarmynstur hverfisins sem byggðist á túninu, skapar sterka varðveisluverða heild og er gott dæmi um byggð frá 5. áratug síðustu aldar.

Umhverfisgildi svæðisins er hátt.

3.4 Upprunalegt gildi

Upprunalegt gildi húsanna er misjafnlega mikið en byggðarmynstrið hefur haldið sér vel. Flest húsín hafa tekið einhverjum en misjafnlega miklum breytingum í gegnum tíðina. Sjö af sextán íbúðarhúsum innan verndarsvæðisins hafa verið klædd að utan í mismunandi klæðningum, afturkræfar framkvæmdir sem ekki hafa afgerandi áhrif á yfirbragð hverfisins. Steyptar svalir og útitröppur hafa víðast horfið og viðbyggingar og timbursvalir komið í stað þeirra. Þak hefur verið fært út yfir steypa rennukanta og þeir klæddir með einni undantekningu og í einu tilviki hefur steypur kantur verið alveg fjarlægður. Steyptir garðveggir eru víðast horfnir og nýir stálljósastaurar hafa komið í stað steyptra.

Upprunalegt gildi svæðisins er miðlungs.

3.5 Ástand

Sé litið til seinni tíma breytinga á einstökum húsum er ástandsgildi hverfisins lágt en margar þessara breytinga eru afturkræfar. Mikilvægt er því að gæta þess að komandi viðhaldsframkvæmdir séu í anda upprunalegrar gerðar húsanna og verði til að styrkja svipmót hverfisins. Á þetta ekki síður við um framkvæmdir á götuplani, gangstéttar og girðingar. Áður settu steyptar girðingar og steyptir ljósastaurar svip sinn á hverfið og er æskilegt að svo verði aftur.

Ástandsgildi svæðisins er lágt.

3.6 Varðveislugildi

Niðurstaða húsakönnunar er að varðveislugildi hverfisins sem heildstæðrar byggðar frá fimmta áratug síðustu aldar sé hátt. Öll hús hverfisins eru hluti heildarmyndarinnar og varðveisluverð sem slík. Mikilvægt er að einkennum hverfisins og bygginga þess sé viðhaldið. Gæta þarf þess að byggðarmynstrið, yfirbragð og ásýnd fái að halda sér við viðhald og endurnýjun húsa og aðrar framkvæmdir á svæðinu. Ástæða er til að varðveita og miðla sögu byggðarinnar og halda henni þannig í heiðri. Mikilvægt er að finna hæfilegan milliveg verndunar og þróunar í sátt við íbúa og eigendur húsanna og sögu svæðisins.

Varðveislugildi svæðisins er hátt.



Mynd 39. Greiningarkort notkun bygginga. (Landmótun, 2019.)

4 VERNDUN OG UPPBYGGING

Skilmálar um verndun og uppbyggingu eru tæki til að finna farveg samþættrar verndunar í sátt við íbúa, hagsmunaaðila og sögu svæðisins. Þeir mynda ramma um framtíðarsýn þar sem menningarsöguleg verðmæti svæðisins eru vernduð og þeim viðhaldið og miðlað á viðeigandi hátt. Markmið skilmála er að stýra þróun innan verndarsvæðisins til að tryggja í sessi svipmót og yfirbragð byggðarinnar. Samþætt verndun felst í því að vernda og þróa, en í því felst að vernda gömlu húsin og tryggja að uppbygging verði í anda hverfisins og kasti ekki rýrð á það. Yfirbragð byggðarinnar og ásýnd hennar hefur að miklu leyti haldið svipmóti sínu frá miðri síðustu öld, þó einstaka hús hafi látið á sjá, og í því felast mikil verðmæti. Möguleikar til uppbyggingar innan svæðisins í heild eru litlir nema litið sé til framkvæmda við einstök hús. Mikilvægt er því að framkvæmdir verði til þess að styrkja svipmót svæðisins og nauðsynlegt að tryggja að því verði ekki spillt með óvarlegum aðgerðum eða aðgerðaleyfi innan þess. Á svæðinu eru einnig tækifæri til að styrkja upplifun íbúa og gesta af umhverfinu og þeirri sögu sem þar býr. Skilmálum um verndarsvæðið er ætlað að stuðla að verndun og uppbyggingu á svæðinu á þann hátt að það verði aðlaðandi og áhugavert og sögulegu mikilvægi þess haldið á lofti, án þess að vera íþyngjandi fyrir íbúa, fasteignaeigendur eða rekstraraðila á svæðinu. Við framsetningu skilmála fyrir verndarsvæðið er þess gætt að skerða ekki möguleika íbúa til að hafa áhrif á þróun svæðisins, innan þess ramma sem skilmálarnir og lög um verndarsvæði í byggð mynda, og án þess að rýra menningarsögulegt gildi svæðisins í heild eða hafi afgerandi

áhrif á svipmót þess. Þetta er gert í þeim tilgangi að standa vörð um verðmæti og gera þeim hátt undir höfði og auka þannig gildi þeirra. Settir eru almennir skilmálar sem gilda fyrir svæðið í heild og sérskilmálar sem eiga við um einstaka hús, lóðir eða svæði innan verndarsvæðisins.



Mynd 40. Ferðalangar á Bíldudal. Bjarnahús og Einhamar í baksýn með steiptum girðingum og steiptum ljósastaur sem einkenndu götummynd hverfisins. (Facebook hópurinn Gamlar ljósmyndir, Guðmunda Björk Óskarsdóttir).

4.1 Almennir Skilmálar

Ásamt því að stuðla að verndun húsa, byggðarmynsturs og yfirbragðs á verndarsvæðinu skal jafnframt hugað að nánasta umhverfi húsa og umgjörð svæðisins, og hún þannig úr garði gerð að það stuðli að aðlaðandi heildarásýnd svæðisins. Með það að markmiði skulu allar breytingar á svæðinu falla vel að eldri byggð og svipmóti svæðisins og eru eftirfarandi almennir skilmálar settir fyrir svæðið.

4.1.1 *Tryggja skal góða, örugga og aðlaðandi aðkomu og aðstöðu fyrir vegfarendur innan svæðis, og hugað sérstaklega að gangandi vegfarendum.*

Merkja skal svæðið með auðkennandi vegvísum og upplýsingum um svæðið. Gera skal svæðið aðgengilegt og leiða fólk um það á skipulagðan hátt. Gera skal öruggar gönguleiðir

um svæðið með vönduðu yfirborðsefni sem eru greiðfærar öllum í samræmi við aðgengi fyrir alla og í þessu samhengi skal huga að Maríubrekkunni. Girðingar við götu skulu vera í samræmi við heildargötumynd og taka mið af aldri húsanna, funkistímanum, og skal leitast við að steypa girðingar þar sem því verður við komið. Öll uppbygging á svæðinu skal taka mið af ríkjandi byggðarmynstri. Hún skal miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar og binda hana saman með skipulögðum hætti.

4.1.2 *Miðla skal sögu svæðisins og upplýsingum um nánasta umhverfi og náttúrufar til vegfarenda.*

Með það að markmiði að dýpka upplifun íbúa og gesta af hverfinu skal miðla sögu þess og sérstöðu, t.d. með upplýsingaskiltum og/eða öðrum miðlunarleiðum. Skal þetta gert til að styrkja hverfið og staðaranda, laða að fleiri gesti og fá þá til að staldra lengur við. Einnig mætti fræða gesti um sögu þorpsins og sérstöðu hverfisins í því samhengi. Upplýsingaskilti verði hluti af heildarmynd sambærilegra skilta á Bíldudal.

4.1.3 *Hlúa að svæðinu og nánasta umhverfi þess.*

Fjarlægja skal allan úrgang og aðskotahluti af svæðinu og koma á viðeigandi stað eða farga. Allar breytingar og endurbætur á húsum og lóðum á svæðinu skulu taka mið af upprunalegu útliti þeirra og svipmóti byggðarinnar. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð og er óheimilt er að raska þeim, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands, í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

4.1.4 *Viðhald húsa og viðbyggingar*

- Við allar framkvæmdir innan svæðisins skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang.
- Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfis þeirra og almenningsrýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram og samræma skal umfang og útlit bygginga og mannvirkja.
- Nýbyggingar í nánd við hverfið skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi og staðháttum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Þar sem nýjar byggingar rísa í framhaldi af hverfinu skal vandlega gætt að sjónlínunum innan byggðarinnar og staðsetja byggingar þannig að þær styrki byggðina.
- Heimilt er að byggja við hús, ef nauðsynlegt er til þess að það nýtist, og skal heildarstærð húsbyggingar taka mið af skilgreindu nýtingarhlutfalli lóðar í væntanlegu deiliskipulagi.
- Viðbygging skal að gerð, stærð og efnisvali falla vel að húsinu, vera gerðar í anda hússins og ekki breyta ríkjandi svipmóti þess. Þess skal gætt að viðbyggingar verði ekki ríkjandi húshlutar.
- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd. Sérstaklega skal skoða möguleika á að steypa svalir að nýju í stað seinni tíma timbursvala.

- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

4.2 Sérskilmálar

Öll viðhaldsvinna skal miðast við að viðhalda og endurheimta upprunalega ásýnd húsa hverfisins. Ytra byrði steinsteyptra byggingameistarafunkishúsa sem byggð eru fyrir 1950 skal viðhaldið í upprunalegri mynd og þeim sem breytt hefur verið, skal færa nær uppruna samfara eðlilegu viðhaldi. Mælt er með að í stað seinni tíma klæðninga verði húsin sléttmúruð eða steinuð/skeljuð eftir því sem við á. Heimilt er að einangra undir múrkerfi en mælt er með að einagrun verði ekki meiri en 2“ sem nægir til að koma í veg fyrir kuldabryr. Sama gildir um endurnýjun glugga, þeir skulu vera sem næst uppruna eins og mögulegt er með tilliti til gildandi byggingarreglugerðar.

4.2.1 Arnarhóll - Langahlíð 8

Húsið var í upphafi skeljað en hefur verið málað. Að öðru leyti upprunalegt nema að reykháfur er ekki lengur til staðar og er eina húsið í hverfinu þar sem þak hefur ekki verið fært út yfir steiptan rennukant. Steiptum rennukanti skal haldið við og lagt er til að þakfrágangur hússins með steipta rennukantinum verði hafður að leiðarljósi við viðhaldsframkvæmdir annara húsa hverfisins.

4.3 Lagarammi

Skv. lögum nr. 87/2015 er bannað að rýra varðveislugildi verndarsvæðis í byggð.

Eftirfarandi gildir um verndarsvæði í byggð:

- Sveitarstjórn skal tryggja að allar framkvæmdir innan verndarsvæðis í byggð samrýmist svipmóti og hinni vernduðu menningarsögu á viðkomandi verndarsvæði.
- Óheimilt er að breyta, bæta, rífa niður eða fjarlægja mannvirki sem eru innan verndarsvæða í byggð nema með leyfi sveitarstjórnar. Ekki má veita leyfi ef varðveislugildi verndarsvæðisins er stefnt í hættu eða rýrt með hinni fyrirhuguðu framkvæmd.
- Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um leyfi til framkvæmda skal auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd og veita almenningi og hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.
- Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjónarmið sem sveitarstjórnir skulu líta til við mat á því hvort leyfa eigi framkvæmd innan verndarsvæða í byggð, hvað koma skuli fram í auglýsingu um fyrirhugaða framkvæmd, svo og hvar nálgast megi uppdrætti og önnur gögn um framkvæmdina.

4.4 Staða verndarsvæðis innan skipulags

Með því að skilgreina varðveislugildi byggðarinnar fæst vísir að skilmálum fyrir verndarsvæðið. Skilmálarnir taka til bygginga, umhverfis og almenningsrýma innan marka verndarsvæðisins og til allrar uppbyggingar og niðurrifs innan svæðisins. Sveitarstjórn skal tryggja að skilmálar um verndarsvæði endurspeglar í skipulagsáætlunum og leyfisveitingum.

Sjálft Milljónahverfið er ódeiliskipulagt en gamli prestbústaðurinn, Galtafell, er á hluta svæðis þar sem er í gildi deiliskipulag, „*Hafnarsvæði Strandgata 1 og nærliggjandi lóðir*“. Við alla skipulagsvinnu á svæðinu skal taka tillit til ákvæða um verndarsvæði í byggð, og framfylgd skilmála verndarsvæðisins sem settir eru fram í tillögu tryggð í allri skipulagsvinnu. Skilmálar og framfylgd þeirra verður útfærð nánar á deiliskipulagsstigi.

4.4.1 Aðalskipulag

Í gildi er aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035. Gerð er grein fyrir verndarsvæði í byggð og tekið tillit til þess og þeirra skilmála sem settir eru fram í áætluninni í aðalskipulaginu. Verndarsvæðið í byggð nýtur hverfisverndar í aðalskipulaginu, HV2.

4.4.2 Deiliskipulag

Deiliskipulag er ekki í gildi fyrir sjálft Milljónahverfið en Galtafell, gamli prestbústaðurinn, er á deiliskipulagi hafnarsvæðis samþykktu 24.07.2018.

4.5 Verndaráætlun

Afmörkun verndarsvæðis að þessu sinni afmarkast í dag af Tjarnarbraut, Lönguhlíð og Brekkustíg ásamt tveimur húsum ofan Lönguhlíðar og einu húsi, Galtafelli, neðan Tjarnarbrautar. Lögð er fram tillaga um að þegar færi gefst verði verndarsvæðið stækkað þannig að elstu byggingar Miðplássins (Bíldudalseyrar) verði hluti af verndarsvæðinu.

4.5.1 Framhald og þróun verkefnisins

Afmörkun verndarsvæðisins afmarkast að þessu sinni við sjálft Milljónahverfið ásamt Galtafelli, gamla prestbústaðnum. Mögulegt er að í framtíðinni verði hægt að stækka svæðið þannig að það nái yfir að hafnarsvæðinu og feli þá í sér einnig Bíldudalskirkju, gamla barnaskólann, Svalborg og Matvælaíðjuna, núverandi Skrímslasetur. Á svæðinu milli Dalbrautar og Hafnarbrautar eru mörg af elstu húsum þorpsins s.s. Kaldibakki, Espelund, Smiðjan, Sólheimar o.fl. Væri æskilegt að verndaráætlun yrði unnin fyrir svæði þetta þannig að mörgum af elstu húsum þorpsins yrði tryggður sess til frambúðar. Einnig væri mögulegt að stækka verndarsvæði Milljónahverfisins til norðurs þannig að það næði yfir byggðina sem stendur á milli Tjarnarbrautar og Lönguhlíðar.

4.5.2 Leyfisveitingar

Þegar sótt er um byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi innan verndarsvæðisins skal færa rök fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og sýna fram á að þær samræmist svipmóti byggðarinnar og verði ekki til að rýra menningarsögulegt gildi svæðisins (sbr. 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð). Sýna skal fram á að fyrirhugaðar framkvæmdir samræmist skilmálum um verndarsvæðið.

5 SAMRÁÐ

Þann 10. og 11. janúar 2018 voru haldnir íbúafundir í félagshemilinu á Patrekfirði og á Bíldudal um verkefnið samhliða fundum um endurskoðun Aðalskipulags Vesturbyggðar 2018-2035. Vel var mætt á fundina og líflegar umræður. Voru íbúar jákvæðir og áhugasamir um verkefnið og komu fram nokkrar tillögur að stækkun verndarsvæðisins sem nefndar hafa verið hér að ofan. Athugasemdir sem komu fram á fundinum voru mjög gagnlegar og voru teknar til

greina. Ákveðið var að stækka vendar svæðið ekki að þessu sinni en mögulegt er að stækka vendar svæðið síðar, þegar reynsla er komin á verkefnið og eru tillögur þess efnis hluti af greinargerð þessari. Er öllum þeim íbúum sem sóttu fundinn þakkað fyrir sitt framlag til þessa fyrsta áfanga verkefnisins og þeir hvattir til að láta sig vendar svæðið og þróun þess áfram varða.

6 SAMÞYKKTIR SVEITARSTJÓRNAR

6.1 Bókun skipulags- og umhverfissráðs

6.1.1 Áætlun um verndun og uppbyggingu

Sveitarfélagið mun gæta þess að markmið og skilmálar vendar svæðisins endurspeglast í öllum skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið mun leita leiða til að hvetja til þess að markmið vendar svæðis í byggð náist.

7 FERILL TILLÖGU

Tillaga að vendar svæði í byggð var auglýst skv. 5.gr. laga nr. 87/2015 um vendar svæði í byggð frá _____ til _____. _____ athugasemdir sem bárust við tillöguna.

Tillagan var samþykkt í Skipulags- og byggingarnefnd þann _____.

Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann _____.

Tillagan var staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra þann _____.

7.1 Breytingar eftir auglýsingu

8 LOKAORÐ

Við sameiningu Bíldudalshrepps við önnur sveitafélög á sunnanverðum Vestfjörðum, árið 1987, virðast nánast öll gögn hreppsins hafa glatast, þar með taldar fundargerðabækur og teikningasafn hreppsins. Hefur því við húsakönnun verið stuðst nánast eingöngu við munnlegar heimildir en talsvert skortir á heimildir þrátt fyrir nálægð í tíma.

Sérstakar þakkir fá:

Jón Kr. Ólafsson söngvari, Reynimel á Bíldudal.

Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson, Reykavík.

Finnbjörn Bjarnason, Litlueyri.

Hannes Bjarnarson, Sveinseyri.

Örn Gíslason, (1939-2017), Sólheimum á Bíldudal.

Þjóðskjalasafn Íslands fyrir öflun upplýsinga, teikningar kort o.fl.

Gríma Eik Káradóttir hjá Skipulagsstofnun.

Óskar Leifur Arnarson, fornleifafræðingur.

9 HEIMILDIR

Ritaðar heimildir

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Dala og Barðastrandasýsla. Sjötta bindi. 1983.

Mannlíf og saga fyrir vestan. Ritroð 11., 12 og 13. hefti (2001-2002. Frá liðnum tímum, Ingivaldur Nikulásson.

Gils Guðmundsson. Skútuöldin, önnur útgáfa 1977.

Ásgeir Jakobsson. Bíldudalskóngurinn, athafnasaga Péturs J. Thorsteinssonar. 1990.

Kristján Jónsson. (1942). Barðstrendingabók, 1942. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðjan.

Bréf frá Guðmundi Hannessyni til stjórnarráðs Íslands 21. Nóv. 1917, vegna „Frumvarps til laga um skipulags kaupúna og sjávarþorpa“.

Páll Líndal. (1982). Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins: Sögufélag.

Zóphónías Pálsson. Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988. Skipulag ríkisins janúar 1990.

Sigurður Pétursson. (2011). Vindur í seglum, Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum. 1. bindi 1890-1930.

Sigurður Pétursson. (2014). Vindur í seglum II, saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörum 2. Bindi, Strandir og firðir 1931-1970.

Jakob Ágúst Hjálmarsson. Allt þetta fólk, Þormóðsslysið 18. febrúar 1943.

Kirkjur Íslands 26. Bindi.

Iðnskólahald á Patreksfirði í 40 ár. Samantekt Guðbjarts Á. Ólafssonar skólastjóra iðnskólans 1978-1982.

Árbók Barðastrandarsýslu 1950. III árgangur

Geisli 1952, 32. tlb. 8. árg.

Skipulagsstofnun.

Vesturland, 30. Tölublað (26.07.1941).

Ísafold, 86. tölublað, 8. des. 1897.

Ísafold, 75. tölublað, 19. des. 1929.

Lesbók Morgunblaðsins, 13. og 14. tölublað 1988. Tveggja alda afmæli fríhöndlunar á Íslandi eftir Sigfús Hauk Andrésson.

Birna Friðbjört Stephensen Hannesdóttir. Mikilvægi byggingararfs fyrir ferðaþjónustu á Bíldudal. Háskóli Íslands 2009.

Fasteignamat 1940.

Annað

Skipulag

Skipulagsstofnun.

Minjasafnið á Hnjóti.

Vefsíður

mantal.is - Þjóðskjalasafn Íslands

Facebookhópur: Bíldudalur – Arnfirðingar

Vísindavefur Háskóla Íslands <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=53262>

Myndir og kort

Minjasafnið á Hnjóti.

Lög og reglugerðir

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð.

Skipulagslög númer 123/2010.

Myndaskrá:

Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir verndarsvæði í byggð á Bíldudal. (Kort: Gingi, á loftmynd frá Loftmyndum ehf.)	7
Mynd 2. Milljónahverfið séð frá kirkjunni. (Ljósm. Gingi.)	8
Mynd 3. Bíldal, Ísland N.V.Kyst – Patríxíjard. Opmaalt frá skoneten Fylla 1869 og Diana 1883. (Det Kongelige Danske Søkort-Arkiv).	10
Mynd 4. Hús einokunarverslunarinnar. Teiknað af Ingivaldi Nikulássyni eftir lýsingu Katrínar Guðbrandsdóttur, tengdadóttur Ólafs Thorlaciusar. (Þjóðskjalasafn Íslands).	11
Mynd 5. Bíldudalur um 1880 þegar Pétur J. Thorsteinsson kaupir verslunina. (Ljósm. Frederik Antonius Löve, eigandi Þjóðminjasafnið.)	12
Mynd 6. Fiskiskútan Gyða smíðuð á Bíldudal í tíð Péturs J. Thorsteinssonar. (Ljósm úr bókinni Bíldudalskóngurinn.)	13
Mynd 9. Teikning Ingivaldar Nikulássonar af kaupmannshúsum Péturs. (Þjóðskjalasafn Íslands).	14
Mynd 7. Verslunarhús Péturs um 1890. (Ljósm úr bókinni Bíldudalskóngurinn.)	14
Mynd 8. Verslunar og íbúðarhús P. J. Thorsteinssonar 1894. (Ljósm. birt í Ísafold 19.des. 1929.)	14
Mynd 10. Grunnmynd verslunar- og íbúðarhússins gerð af Ingivaldi Nikulássyni. (Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti).	15
Mynd 11. Gjaldmiðill Péturs J. Thorsteinssonar & co. (Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns Íslands.)	17
Mynd 12. 100 króna hlunkur. (Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns Íslands.)	17
Mynd 13. Bíldudalseyri ca. 1905. (Ljósm mynd af ljósm mynd í eigu Jóns Kr. Ólafssonar)	17
Mynd 14. Fiskverkakonur á Bíldudal. Tekin af Gunhild Thorsteinsson um aldamótin 1900. (Þjóðminjasafn Íslands.)	18
Mynd 15. Uppdráttur af Bíldudal 1913. (Landmælingadeild danska herforingjaráðsins.)	19
Mynd 16. Sýnishorn af framleiðslu niðursuðuverksmiðjunnar. Úr vörulista Matvælaíðjunnar hf. frá 7. áratugnum.	20
Mynd 17. Uppdráttur Samúels Eggertssonar af Bíldal árið 1897. (Örnefnastofnun.)	22
Mynd 18. Uppdráttur Ingivaldar Nikulássonar af Bíldudal 1937. (Þjóðskjalasafn Íslands).	23
Mynd 19. Uppdráttur sem Gísli Jónsson lét gera árið 1942 sem sýnir skipulag Milljónahverfisins. (Skipulagsstofnun ríkisins).	24

10 VIÐAUKI A - FORNLEIFAKÖNNUN

11 VIÐAUKI B - HÚSAKÖNNUN

Fornleifaskráning í Milljónahverfinu á Bíldudal

Verndarsvæði í byggð



Atli Rúnarsson

NV nr. 15-22

Maí 2022

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Maí 2022
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 15-22	Verknúmer: 616	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna verndarsvæðis í byggð í Milljónahverfinu á Bíldudal		Blaðsíður: 20
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta: 1
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Vesturbyggð
Útdráttur Fornleifaskráning var gerð vegna verndarsvæðis í byggð í Miljónahverfinu á Bíldudal		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, Verndarsvæði í byggð, Bíldudalur		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Bíldudalur
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: MHH/KSR

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI	4
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
2.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	6
3. AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐISINS.....	7
4. SAGA BÍLDUDALS.....	7
5. FORNLEIFASKRÁ.....	11
6. NIÐURSTÖÐUR.....	16
7. HLUTVERK OG TEGUND MINJA.....	16
8. HEIMILDASKRÁ.....	17
9. SKRÁR.....	18
10. KORT	19

1. INNGANGUR


Að beiðni Vesturbyggðar framkvæmdi Náttúrustofa Vestfjarða fornleifaskráningu vegna tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir Milljónahverfið svokallaða á Bíldudal. Árið 2020 ákvað Vesturbyggð að Milljónahverfið yrði afmarkað sem sérstakt verndarsvæði. Í skýrslunni *Bíldudalur – Milljónahverfi – Verndarsvæði í byggð* segir:

Vesturbyggð ákvað að láta vinna tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir milljónahverfið á Bíldudal. Verndarsvæði í byggð er afmarkað svæði í þéttbýli sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra. Það er hlutverk sveitastjórnar hverju sinni að meta hvort innan sveitarfélagsins séu svæði sem hafi menningarsögulegt gildi sem vert sé að vernda, og skal þá leggja fram tillögu til ráðherra að verndarsvæði í byggð (Lög nr. 87/2015, 4.gr.) [...] Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands um frágang á tillögu og greinargerð um verndarsvæði í byggð hafa verið hafðar til hliðsjónar við vinnu þessa.

Verndarsvæðið nær til húsa Milljónahverfisins. [...] Í gildandi Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð. Saman mynda húsin þyrpingu, byggingarlistarlega og menningarsögulega heild, sem hefur mikið gildi sem slík. Skráning menningarminja, þ.e. fornleifaskráning og húsakönnun liggja til grundvallar að mati á varðveislugildi svipmóts byggðarinnar. Til var húsakönnun á Bíldudal frá árinu 2011 en á þeim tíma voru ekki sömu kröfur til skráningar og nú eru. Fornleifaskráning var ekki til fyrir svæðið.¹

Verndarsvæðið er innan jarðar Bíldudals, eða Bíldudalseyrar. Fjallað verður um sögu Bíldudals, náttúrufar og jarðabætur og skráðar fornleifar. Ekki er mikið um fornleifar á verndarsvæðinu og er stuðst við heimildir til að staðsetja þær minjar sem ekki eru lengur til staðar. Atli Rúnarsson sá um fornleifaskráningu og fór vettvangsskráning fram þann 4 maí 2022.

¹ Vesturbyggð, 2020, bls. 1



Mynd 1 - Staðsetning verndarsvæðisins er merkt með stjörnunni

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda

aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða

framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breytttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2764 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2764-001.

3. AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐISINS

Eins og fyrr segir þá skorðast afmörkun verndarsvæðisins við hið svokallaða Milljónahverfi á Bíldudal : „Hverfið byggðist á svokölluðu kaupmannstúni og afmarkast í dag af Tjarnarbraut, Lönguhlíð og Brekkustíg.“² Hverfið byggðist upp á stríðsárunum og þótti það með sínum steinsteyptu funkishúsum það veglegt að farið var að kalla það Milljónahverfið.³




Mynd 2 - Afmörkun verndarsvæðisins

4. SAGA BÍLDUDALS

Bíldudalur var í landnámi Ketils ilbreiðs Þorbjarnarsonar og nam hann „Dali alla frá Kópanesi til Dufansdals; hann gaf Þórörnu, dóttur sína, Hergílsi hnappraz; rézk hann þá suður í Breiðafjörð og nam Berufjörð hjá Reykjanesi“⁴ og eru Ketildalir sagðir kenndir við hann.

Elsta heimild um byggð á Bíldudal er vottorð um máldaga hálfkirkjunar á Bíldudal frá árinu 1387 og var það ritað á Haga á Barðaströnd.⁵ Minnst er á jarðirnar Hól og Eyri í kaupmálabréfi Gísla Filippussonar og Ingibjargar Eyjólfsdóttur frá 1460⁶ en ekki er víst hvort þar sé verið að ræða Litla Eyri eða Bíldudalseyri.

Ingvaldur Nikulásson sagði í ritgerð sinni að fyrst að lítið sem ekkert slægjuland hefði verið á



Mynd 3 - Kort af Bíldudal frá 1913

² Vesturbyggð, 2020, bls. 2

³ Vesturbyggð, 2020, bls. 14-15

⁴ Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 102

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 9. bindi, 1909-1912, bls. 20-21

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 5. bindi, 1899-1902, bls. 205-206

Bíldudalseyri hafi þar einungis búið fátæklingar sem átti ekki annan kost, hinsvegar hafi búið á Hóli stórauðugir menn.⁷

Í jarðabók Johnsen frá 1847 var sagt að jarðirnar Bíldudalseyri, Hóll og Hólshús voru saman kallaðar Bíldudalur og að verslunarstaðurinn væri á Bíldudalseyri og hluta jarðarinnar Litlu Eyri.⁸ Elsta heimild um jörðina Litlu Eyri er frá árinu 1569 og er jarðaskiptabréf þar sem jarðirnar Litla Eyri og Hóll voru seldar með öllum gögnum og gæðum sem fylgt höfðu að fornu og nýju.⁹ Hjáleigur Hóls voru bæirnir Hólakot, Hjallahóll og Hólshús en hjáleiga Litlu Eyri var Litlueyrarhús.¹⁰ Minnst var á Bíldudalseyri í Grímsstaðaannál frá 1579 er sjóræningjar sem rændu á Bæ á Rauðasandi komu þangað, vel búnir að verjum og vopnum, á tólfæringi sem þeir höfðu rænt af Eggerti Hannessyni, lögmanni sem sat á Saurbæ á Rauðasandi frá 1554 – 1580.¹¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem gerð var á Bíldudal um 1710 sagði að Litla Eyri hafi fyrrum verið hjáleiga frá Hóli, þar sagði einnig að tvær hjáleigur hefðu verið frá Litlu Eyri, Litlueyrarhús sem áður hafa verið nefnd og svo tómthús sem stóð niður á Bíldudalseyri við hlið verslunarinnar og var kallað Búðeyri.¹²

Bíldudalshöfn telst sem góð höfn í flestum veðrum og er því mjög líklegt að þangað hafi erlendir kaupmenn komið á fyrri öldum og rekið verslun þar á sumrum, þrátt fyrir að innsigling til Bíldudals hafi verið með lengra móti, og líklegt þykir að Hansakaupmenn hafi verið þar á meðal. Ekki var minnst á Bíldudal í verslunarleyfi sem danir veittu frá 1614 – 1619 en árið 1615 var fyrst minnst á verslun á Bíldudal í kæru sem lögð var fram á Hvestuþingi yfir svikinni og lítt nýtri vöru sem verslunin seldi. Á Bíldudal var fiskhöfn og komu skip þangað oftast ekki fyrr en um miðjan júní og silgdu aftur út síðari hluta júlí mánaðar og voru þau þá ekki lengur en 6 – 7 vikur í höfn árlega.¹³ Þegar verslunin var gefin frjáls á 18. öld komst Bíldudalsverslun í hendur einkaaðila og fyrstur eftir að einokun var aflétt var Ólafur Thorlacius og var hann einn umsvifamesti kaupmaður landsins.¹⁴

⁷ Ingvaldur Nikulásson, 1943, bls. 2

⁸ J. Johnsen, 1847, bls. 186

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 327-328

¹⁰ Ingvaldur Nikurlásson, 2001, bls. 44


¹¹ Annálar 1400-1800, 1933-1938, bls. 463-464

¹² Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1921, bls. 378

¹³ Ingvaldur Nikulásson, 1943, bls. 2-6

¹⁴ Sólrún Geirsdóttir, 2000, bls 3.

Bænhús mun hafa verið á Hóli en var lagt af árið um 1674.¹⁵ Á túninu á Hóli austan við bæjarhúsin er örnefnið Bænhúsflöt en þar sást móta fyrir grunnfleti bænhústóftarinnar um 1950 en hvarf við túnasléttun.¹⁶ Árið 1699 á ekkja Jóhanns Klein að hafa gefið til kirkju



Mynd 4 - Kort af Bíldudal frá 1897

vandaðan predikunarstól en heimildum kemur ekki saman um hvort hún hafi gefið hann til bænhússins á Bíldudal eða sóknarkirkjunnar í Otradal.¹⁷

¹⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938, bls. 376

¹⁶ Ingvaldur Nikurlásson 2001, bls 45

¹⁷ Hafliði Magnússon, 1992, bls. 25-26

Snemma á 19. öld stóðu myndarleg verslunarhús á Bíldudal “*hin myndarlegustu sem Ebenezer Henderson kvaðst hafa séð á landinu á ferðum sínum 1814-1815*”. Þau voru rifin fyrir 1880 en í lok aldarinnar reisti Pétur Thorsteinsson meðal annars verslunar- og íbúðarhús sem var talið ein glæsilegasta bygging sinnar gerðar á landinu, búið ýmsum nútímaþægindum svo sem rennandi vatni og frárennsli. Þegar Pétur keypti verslunina á Bíldudal 1880 var þar aðeins eitt íbúðarhús og nokkrir kofar auk húsa verslunarinnar, en næstu áratugi átti sér stað mikil uppbygging. Þegar Pétur kom á Bíldudal árið 1879 var byggð nær eingöngu á þeim bæjum sem voru í dalnum og aðeins voru þrjú hús á svæðinu sem bærinn byggðist síðar á. Hóf Pétur að kaupa skip og var byggð hafskipabryggja stuttu síðar og fjölgaði fólki á Bíldudal ört eftir það og fluttist þangað úr öllum landsfjórðungum. Nýtt verslunarhús var reist og hinn svonefndi Langiskúr sem var lengsta hús á Íslandi og notað undir saltfisk. Einnig risu bakarí, smiðja og kirkja. Vegur var lagður frá kaптúninu og að Litlu Eyri.¹⁸ Mikil umsvif voru á Bíldudal á fyrrihluta tuttugustu aldar en fór að dragast saman á síðari hluta tuttugustu aldar.



Mynd 5 - Kort af Bíldudal frá 1921

¹⁸ Hafliði Magnússon [útgáfuár vantar] bls. 26-27

5. FORNLEIFASKRÁ

Númer: 2764 - 001

Hlutverk: Matjurtagarðurur

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðsetning: A: 288789.2 N: 584269.8

Lengd: 18.5m

Breidd: 2.5m

Hæð veggja: 0 – 0.2m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Hættumat: Engin hættu

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Í brekkunni neðan við Lönguhlíð, um 10m NA við húsið Langahlíð 12.


Minjalýsing: Matjurtagarðurur, hlaðinn garður í kringum hann, ennþá rabbabari í honum.

Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd er að

jafnaði um 0.5m. Mögulega eru þetta leifar af matjurtagarðinum sem sést á korti frá 1913.



Mynd 6 - Matjurtagarðurinn við Lönguhlíð



Mynd 7 - Mögulega er matjurtagarðurinn merktur inn á kort frá 1913

Númer: 2764-002

Sérheiti: Kaupmannstún

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 288751.1 N: 584204.4

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já


Hættumat: Engin hættu

Hættuorsök:


Friðlýst: Nei

Staðhættir: Milljónahverfið byggðist upp á svokölluðu Kaupmannstúni.

Minjalýsing: Kaupmannstúnið sést á kortum frá 1897, 1913 og 1921, þó búið að breytast á milli korta.



Mynd 8 - Kaupmannstúnið á korti frá 1897



Mynd 9 - Kaupmannstúnið á korti frá 1913

Númer: 2764-003

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 288711.9 N: 584155.1
(Ónákvæmt)

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök:

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Túngarðurinn var utan um

Kaupmannstún, þar sem Milljónahverfið byggðist upp.

Minjalýsing: Á korti frá 1897 sést túngarðurinn utan um Kaupmannstún, staðsetning er ónákvæm.



*Mynd 10 - Túngarðurinn merktur á kort frá 1897
utan um Kaupmannstún*

Númer: 2764-004

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 288770.2 N: 584249.5

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Fjósið var utarlega í túninu, líklega hefur það verið nálægt Lönguhlíð 12.

Minjalýsing: Í ritgerð Ingvaldar Nikulássonar var sagt að fjós hafi verið utarlega í túninu, það er horfið á korti frá 1897.

Númer: 2764-005

Hlutverk: Brunnhús

Tegund: Heimild


Staðsetning: A: 288718.5 N: 584188.1

Ástand: Sést ekki

Horfin: Já

Friðlýst: Nei

Staðhættir: Brunnhúsið hefur staðið nokkurnvegin þar sem húsið Langahlíð 4 stendur í dag.



Mynd 11 - Líkleg staðsetning brunnhússins á korti frá 1897

Minjalýsing: Í ritgerð Ingvaldar Nikulássonar var sagt frá brunnhúsi þar sem í dag stendur húsið Langahlíð 4. Líklega er það húsið sem er innan Kaupmannstúnsins á korti af Bíldudal frá 1897.

6. NIÐURSTÖÐUR

Þegar Milljónahverfið var reist á stríðsárunum hurfu öll ummerki um hið svokallaða Kaupmannstún en nánast allt verndarsvæðið er innan þess svæðis sem túnið var á.

Alls voru fimm fornleifar skráðar innan verndarsvæðisins og þar af var einungis ein fornleif sem enn



Mynd 12 - Ljósmynd af Bíldudal tekin á bilinu 1920-1930. Hluti verndarsvæðisins sést vinstramegin á myndinni.

var til staðar og er hún að öllum líkindum ekki það gömul. Hinar fjórar minjarnar voru skráðar sem heimildir og þrjár af þeim fengu staðsetningu út frá kortum frá 1897 og 1913. Þar sem verndarsvæðið var áður tún kemur ekki á óvart að þar sé lítið til af heimildum um fornleifar á þessu svæði og styður rit Ingvaldar Nikulássonar það en þar er túninu lýst sem þýfðu og grýttu.¹⁹

7. HLUTVERK OG TEGUND MINJA

Hér fyrir neðan verður farið yfir hlutverk minjanna sem eru í fornleifaskránni. Fjórar minjar af fimm voru skráðar sem heimildir og eru engin ummerki um þessar minjar að finna í dag. Tengjast þær allar túninu sem var á svæðinu áður en Milljónahverfið var byggt. Utan um túnið var túngarður og heimildir eru um að innan þess hafi verið fjós og brunnhús.

AUÐKENNI	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	HORFIN?
1		JARÐRÆKTARSVÆÐI	MATJURTAGARÐUR	NEI
2	KAUPMANNSTÚN	HEIMILD	TÚN	JÁ
3		HEIMILD	TÚNGARÐUR	JÁ
4		HEIMILD	FJÓS	JÁ
5		HEIMILD	BRUNNHÚS	JÁ

Tafla 1 - Yfirlitstafla yfir skráðar minjar

Einar minjar voru skráðar á vettvangi og eru það leifar matjurtagarðs og sést hann á loftmynd af Bíldudal frá miðri 20. öldinni, þó er matjurtagarður á sama svæði á korti af Bíldudal frá 1913, þó hann sé mun stærri, og gæti hann í grunninn verið eldri.

¹⁹ Ingvaldur Nikulásson, 1943, bls. 26

8. HEIMILDASKRÁ

Annálar 1400-1800 (B. 3). (1933-1938). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1921). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi. (1899-1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi. (1909-1912). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hafliði Magnússon. (1992). *Arnarffjörður*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.

Hafliði Magnússon. (1994). *Gömul blöð frá Bíldudal 1903-1914*.

Ingvaldur Nikulásson. (1943). *Frá liðnum tímum - Sagnir frá Bíldudal*. Bíldudalur: Bókasafn Bílddælinga - Gefið út á netinu.

Ingvaldur Nikulásson. (2001). *Mannlíf og saga fyrir vestan. Þjóðlegur fróðleikur gamall og nýr* (B. 9). Hrafnseyri: Vestfirski forlagið.

Íslendingabók og Landnáma. (1942). Reykjavík: Herbertsprent.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jón G. Jónsson. (1957). Fróðleiksmolar um jarðir í Barðastrandarsýslu. *Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956*, bls. 18-32.

Ný jarðabók fyrir Ísland. (1861). Kaupmannahöfn: J. H. Schultz.

Sólrún Geirsdóttir. (2000). *Byggingarár húsa á Bíldudal, NV nr. 06-00*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Þorsteinn M. Jónsson. (1979). *Gríma hin nýja - safn þjóðlegra fræða íslenzkra* (B. 2). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Vesturbyggð. (2020). *Bíldudalur - Milljónahverfið - Verndarsvæði í byggð*. Vesturbyggð.

9. SKRÁR


Númer	Tegund	Hlutverk	Ástand	Horfin	Hættumat	Lýsing	Austur	Norður
001	Jarðræktar-svæði	Matjurtagarður	Vel greinanlegar fornleifar	Nei	Engin hætta	Matjurtagarður, hlaðinn garður í kringum hann, ennþá rabbabari í honum. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.5m. Mögulega eru þetta leifar af matjurtagarðinum sem sést á korti frá 1913.	288789.2	584269.8
002	Heimild	Tún	Sést ekki til fornleifa	Já	Engin hætta	Kaupmannstúnið sést á kortum frá 1897, 1913 og 1921, þó búið að breytast á milli korta.	288751.1	584204.4
003	Heimild	Túngarður	Sést ekki til fornleifa	Já	Engin hætta	Á korti frá 1897 sést túngarðurinn utan um Kaupmannstún, staðsetning er ónákvæm.	288711.9	584155.1
004	Heimild	Fjós	Sést ekki til fornleifa	Já	Engin hætta	Í ritgerð Ingvaldar Nikulássonar var sagt að fjós hafi verið utarlega í túninu, það er horfið á korti frá 1897. Staðsetning er ónákvæm.	288770.2	584249.5
005	Heimild	Brunnhús	Sést ekki til fornleifa	Já	Engin hætta	Í ritgerð Ingvaldar Nikulássonar var sagt frá brunnhúsi þar sem í dag stendur húsið Langahlíð 4. Líklega er það húsið sem er innan Kaupmannstúnsins á korti af Bíldudal frá 1897.	288718.5	584188.1

10. KORT




Skýringar

- Staðsetning minja
- Mælingar - flákar



Fornleifar sem voru skráðar í Milljónahverfinu á Bíldudal vegna Verndarsvæðis í byggð.
Mælikvarði: 1:1200 Dags. 10.5.2022 Kort 1
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Útdráttur úr aðalskipulegi

BÍLDUDALUR

Milljónahverfið

Verndarsvæði í byggð 2017



GINGI teiknistofa

VIÐVUN 1 450 TÁLNÍFJÓRDUL
897 6604 gingi@aimnet.is

Fyrsti eigandi: Porkell Jónsson og Sigríður Eyjólfsdóttir
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið fyrir breytingar.



2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1983 Viðbygging - klæðning	Hannes Bjarnason, Smiður
Útveggir:	Múrsléttað	Mótuð stálklæðning		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Reykháfur Svalir Útitröppur	Tvílyft Svalir Viðbygging		

Saga

Byggt sem tveggja íbúða hús árið 1939 á Kaupmannstúninu en Gísli Jónsson, athafna- og alþingismaður, átti túnið sem Milljónahverfið bggðist á. Í fasteignamati 1940 er húsið sagt vandað og hlýtt, útveggir úr járnbentri steinsteypu, einangrað með torftróði að innan og (múr)sléttað.

Húsið upphaflega sléttmúrað, með steypum svölum á suðvesturhlið og útitröppum á norðausturhlið. Húsinu var breytt á árunum 1980-83, það klætt með mótaðri stálklæðningu, þak fært út fyrir steyptra rennu, í stað steyptra svala er kominn timburpallur og viðbygging/anddyri þar sem voru útitröppur.

Porkell Jónsson verkstjóri, sonur Jóns S. Bjarnasonar kaupmanns, byggði húsið, kona hans var Sigríður Eyjólfsdóttir og bjuggu þau á efri hæð. Þau hjónin og ungur sonur þeirra fórust með Þormóði 1943. Þorvaldur Friðfinnsson, verksmiðjustjóri niðursuðuverksmiðjunnar, bjó á neðri hæð ásamt konu sinni Helgu Sigurbjörnsdóttur og var hann einn þeirra sem fórst með Þormóði. Eftir Þormóðsslysið voru tvö föðurlaus börn og ekkja á neðri hæð og munaðarlaust barn á þeirri efri.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Upprunalega verðugur fulltrúi funkistímans, en seinni tíma breytingar rýra varðveislugildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af Milljónahverfinu og í samfelldri röð húsa við Tjarnarbraut sem samsvara sér vel.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Seinni tíma breytingar rýra upprunalegt gildi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Gildi hússins fellst í götummynd og heild Milljónahverfisins.
		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Suðurfjarðahreppur
Hönnuður: Húsameistari ríkisins

Upphafleg notkun: Læknisbústaður og sjúkraskýli.
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning Húsameistara ríkisins af húsinu 1939



Læknisbústaðurinn 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	Húsið klætt trapisustáli, einagrað að utan og þak fært út yfir rennukant.	
Útveggir: Músléttað		Trapisustál		
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak	2019 Tvær íbúðir á jarðhæð og nýr inngangur.	Hugsjón, Arkitekt
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Reykháfur	Útitróppur		
	Útitróppur			

Saga

Húsið byggt sem Læknisbústaður og sjúkraskýli, hannað af Húsameistara ríkisins og fyrstu teikningar undirritaðar af Einari Erlendssyni í maí 1939, "vegna Húsameistara ríkisins". Íbúð læknis var á efri hæð og var innangengt í sjúkraskýlið á neðri hæð þar sem voru hjúkrunarherbergi, aðgerðarstofa, lyfjasala, og aðstaða fyrir hjúkrunarkonu og ljósmóður. Eina teikningin sem varðveist hefur af húsum í Milljónahverfinu er af Læknisbústaðnum.

Fyrsti héraðslæknirinn sem bjó í húsinu var Ólafur P. Jónsson og kona hans Ásta Guðmundsdóttir. Síðasti læknir með fasta búsetu í Búldudal var Einar Guðmundsson læknir, og kona hans Alma, þau bjuggu í húsinu eða fram undir 1970. Eftir það voru hjúkrunarkonur í húsinu, skamman tíma í senn. Húsið var síðan notað sem notað sem Heilsugæsla og komu læknar frá Patresfirði einu sinni í viku. Sjúkraskýlinu á neðri hæð var breytt í tvær íbúðir sumarið 2019.

Húsið upphaflega sléttmúrað en hefur verið klætt með mótaðri stálklæðningu. Þak fært út fyrir steypa rennu og nýr inngangur á neðri hæð.

Árið 2019 voru gerðar tvær íbúðir á neðri hæð og nýr inngangur í aðra þeirra á götuhlið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsameistari ríkisins
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Læknisbústaður og sjúkraskýli.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af Milljónahverfinu og í samfelldri röð húsa við Tjarnarbraut sem samsvara sér vel.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Talsvert breytt - klæðning og inngangur á 1. hæð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Gott ástand að teknu tilliti til seinni tíma breytinga

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti
-----------------	---

Fyrsti eigandi: Jafet Hjartarson og Björg Guðmundsdóttir
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: safn / Íbúð



1956



2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Kjallara breytt, nýr inngangur á götuhlið og gluggar stækkaðir. Steyptur rennukantur klæddur og rennur færðar út fyrir kant.	
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Reykháfur Útitröppur Einlyft Kjallari	Tvílyft		

Saga

Jafet Hjartarson framkvæmdarstjóri beinaverksmiðjunnar lét byggja húsið og bjó á hæðinni. Húsið dregur nafn sitt af steinbæ sem stóð við Bræðraborgarstíg 22 þar sem Jakob hafði alist upp. Í fasteignamati 1943 er húsið sagt vandað, útveggir steyptir, einangraðir með vikri og gólf og skilrúm steyp. Upphaflega ein hæð og kjallari. Seinna var grafið var frá götuhlið, gluggar stækkaðir og gerð íbúð þar sem aður var kjallari. Húsið var lengi í eigu Suðurfjarðahrepps sem var með skrifstofu á neðri hæð en skólastjóraíbúð á efri. Í dag býr þar Jón Kr. Ólafsson söngvari og er með tónlistarsafið Melódíur minninganna á neðri hæð. Húsið er það upprunalegasta í húsaröðinni við Tjarnarbraut, stendur enn með sléttmúraða útveggi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið enn í dag verðugur fulltrúi síns tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús og tólistarsafn. Á tímabili voru skrifstofur Suðurfjarðahrepps í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af Milljónahverfinu og í samfelldri röð húsa við Tjarnarbraut sem samsvara sér vel.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Eina breytingin er að þak hefur verið fært út yfir steypann rennukant.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu vel viðhaldið.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Hátt	Húsið gott dæmi um upprunalegan ytri frágang húsa Milljónahverfisins. Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti
-----------------	------	--

Fyrsti eigandi: Bjarni Jörundsson e.h. og Gísli Friðriksson n.h.
Hönnuður: Ekki þekktur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



1956



2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Steyptar svalir fjarlægðar, Húsið klætt með trapisu og þak fært úr yfir kant.	
Útveggir:	Skeljasandur	Trapisustál		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Reykháfur Svalir Útitróppur Kjallari	Tvílyft Inngönguskúr (bíslag) Kjallari		
Saga				

Húsið er steinsteypt, útveggir einangraðir með vikri og var með tvær steyptar svalir. Einhamar var það eina í húsaröð Milljónahverfisins við Tjarnargötu sem var skeljað, hin voru sléttmúruð. Tvær íbúðir voru í húsinu, ein á hvorri hæð. Með fyrstu húsum sem byggð voru á Kaupmannstúninu.

Nafn hússins mun vera dregið af Einhamri í Geipjósfirði þar sem Gísli Súrsson var veginn.

Fyrstu íbúar voru Bjarni Jörundsson og kona hans Anna P. Júlíusdóttir á efri hæð og Gísli Friðriksson og kona hans Ágústa Hermannsdóttir á neðri hæð. Þeir gerðu út bátinn Jörund Bjarnason.

Steyptar svalir og útitróppur hafa verið fjarlægðar, húsið hefur verið klætt með trapisustáli og þak fært út yfir steyptra rennu og kantur klæddur. Anddyri er í viðbyggingu og í dag er húsið einnar fjölskylduhús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið misst mikinn þokka við breytingar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðrhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af Milljónahverfinu og í samfelldri röð húsa við Tjarnarbraut sem samsvara sér vel.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið lýður fyrir seinni tíma breytingar, klæðning og svalir fjarlægðar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga.
Varðveislugildi:	Hátt	Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins.
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Bjarni Hannesson e.h. og Jón Hannesson n.h.
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Heimaklettur, Bjarnahús og Einhamar



2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Húsið klætt mótaðri stálklæðningu og þak fært út yfir kant.	
Útveggir:	Múrsléttað	Mótuð stálklæðning		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		
	Reykháfur	Svalir		
	Svalir	Útitröppur		
	Útitröppur			

Saga

Bjarni Hannesson og Vigdís Finnbogadóttir bjuggu á efri hæð hússins til ársins 1953, þá fluttu þau að Litlu Eyri. Á neðri hæð bjuggu Friðrik Valdimarsson og Kristín Hannesdóttir til ársins 1958, er þau fluttu suður. Þá fluttu á neðri hæðina Ásgeir Jónasson og Kristín Jónsdóttir og á efri hæðina Benedikt Benediktsson og Guðrún Kristjánsdóttir. Tvö nöfn voru á húsinu, almennt kallað Bjarnarhús en neðri hæðin var nefnd Bláskógarhlíð.

Húsið er steinsteypt en með timburgólfi á milli hæða. Eitt af fáum húsum í hverfinu sem er með upprunalegum svölum. Svalirnar enda bogadregnar við útvegg framhliðar en allar svalir húsa í hverfinu voru með þessu móti ef frá eru taldar svalir tvíburahúsanna Heimakletts og Sólbergs. Steyptur veggur var við götu lóðarinnar eins og á öðrum húsum Tjarnarbrautar. Steyptir ljósastaurar lýstu götur hverfisins en þeir hafa illu heilli farið forgörðum. Húsið upphaflega sléttmúrað og málað en nú klætt með mótaðri málmklæðningu og þak fært út yfir steypta rennu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið líður fyrir seinni tíma klæðningu, en afturkræf framkvæmd.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af Milljónahverfinu og í samfelldri röð húsa við Tjarnarbraut sem samsvara sér vel.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið nú klætt mótaðri stálklæðningu en heldur enn steypum svölum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Hátt	Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götummynd Tjarnarbrautar.
		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Jóhann Líndal Gíslason og Fjóra Símonardóttir
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Heimaklettur 2011. Kantur enn til stöðar.



Heimaklettur án steypis rennukants 2019.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Klæðning - mótuð málmklæðning	
Útveggir:	Skeljasandur	Mótuð stálklæðning		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak	2018 Steyptur kantur brotinn af húsi.	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		
	Reykháfur	Útitröppur		
	Útitröppur	Svalir		
	Svalir			

Saga

Húsið var byggt sem tvíbýlishús og bjuggu þar fyrst Jóhann Líndal Gíslason og Fjóra Símonardóttir á efri hæð. Á neðri hæð bjó Elías Jónasson og Kristín Kristófersdóttir. Jóhann var bátasmiður en kom líka að byggingu húsa á Bíldudal og má þar nefna Þórshamar. Í fasteignamati 1942 er húsið sagt vandað. Húsið var upphaflega skeljað en hefur verið klætt með mótaðri málmklæðningu. Steyptur rennukantur hefur illu heilli verið brotin af en öfugt við systurhús sitt, Sólberg, þá er steypt útitrappa varðveitt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið líður fyrir seinni tíma klæðningu og vöntun á steyptum rennukanti.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti af Milljónahverfinu og í samfelldri röð húsa við Brekkustíg sem samsvara sér vel.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur misst steyptan rennukant sem er eitt af einkennum húsa Milljónahverfisins en heldur steyptum tröppum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Vel viðhaldið með tilliti til seinni tíma breytinga.

Varðveislugildi: Hátt Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götummynd Brekkustígs.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðbjartur Ólason og María Guðmundsdóttir
Hönnuður: Ekki þekktur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Ferðamannagisting



Sunnuhvoll fyrir miðju fyrir viðbyggingu.



Sunnuhvoll 2017.

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft
	Kjallari	Kjallari
	Reykháfur	

Helstu breytingar:

1961 Byggt við ytri enda - húsið stækkað um þriðjung.

Hönnuðir breytinga:

Saga

Byggt sem búðarhús. Húsið var upphaflega minna en byggt var við ytri enda. Húsið hýsti síðar skátastarfsemi og félagsmiðstöð fyrir börn og unglinga. Nú er þar aðstaða fyrir sjóstangaveiðimenn á vegum Jóns Þórðarsonar, EagleFjord ehf. Þak hefur verið fært út fyrir steytar rennur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Einfalt steinsteypt hús með funkisáhrifum.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús.

Umhverfislífi: Hátt Hluti af götummynd Brekkustígs og heild Milljónahverfisins.

Upprunalegt gildi: Hátt Óbreytt síðan byggt var við húsið 1961 fyrir utan þakbreytingu - út yfir kant.

Tæknilegt ástand: Hátt Vel viðhaldið.

Varðveislugildi: Hátt Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götummynd Brekkustígs.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Axel Magnússon
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Fyrir miðju: Brunastöð, Þórshamar, Sólberg og



Sólberg 2017.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Tröppur / svalir rifnar og byggt við. Húsið klætt steni.	
Útveggir:	Múrsléttað	Steniklæðning		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		
	Reykháfur	Inngönguskúr (bíslag)		
	Útitröppur			

Saga

Gísli Súrsson Magnússon byggði húsið en síðan eignast það bróðir hans, Axel Magnússon, eigandi vélsmiðjunnar á Bíldudal, og kona hans María Jónsdóttir sem bjuggu þar í áratugi. Húsið var upphaflega múrsléttað og kalkað. Húsið var kalkað árlega á hverju vori. Húsið hafði áður útiitröppur/svalir á suðvesturhlið, samskonar og enn eru á Heimakletti en húsin eru að öllum líkindum byggð eftir sömu teikningu. Húsið hefur verið klætt steni plötum, anddyri byggt og þak fært út yfir steiptan rennukant.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið líður fyrir seinni tíma klæðningu og missi útiitröppu / svala.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götumynd Brekkustígs og heild Milljónahverfisins.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Klæðning og missir svala rýra upprunalegt gildi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vel viðhaldið að teknu tilliti til seinni tíma breytinga.

Varðveislugildi: Hátt Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götumynd Brekkustígs.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Bent Bjarnason
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Suðvestur - innri endi



Götuhlið

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar	Viðbyggingar í fleiri áföngum.	
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðin úr tilhöggnu grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit:	Einlyft Inngönguskúr (bíslag) Ris Reykháfur Kjallari	Einlyft Reykháfur Inngönguskúr (bíslag) Útitröppur Viðbygging		
Saga				

Byggt úr hlöðnu grjóti og timbri. Bent Bjarnason ljósmyndari bjó í húsinu á fyrri hluta 20. aldarinnar. Kurfa er á áberandi stað ofan götu í beygju Lönguhlíðar. Stendur í raun utan hins eiginlega Milljónahverfis en er hér tekið með sem dæmi um hús frá lokum 19. aldar sem óx þegar leið fram á þá 20. til að mæta auknum kröfum og breyttum aðstæðum

Einstakt dæmi um vestfirskt alþýðuhús sem hefur vaxið og þróast með breyttum tímum. Samskonar hús voru einkennandi fyrir Bíldudal og önnur sjávarþorp á Vestfjörðum fram eftir síðustu öld en hefur farið ört fækkandi.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Einstakt vestfirskt alþýðuhús með grasnytjar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Hátt	Áberandi og mikilvægt í götumynd Lönguhlíðar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt við upprunalegt hús í fleiri áföngum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vel viðhaldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Einstakt vestfirskt alþýðuhús - sveitin í þorpinu.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	

Fyrsti eigandi: Þorvaldur Friðfinnsson og Helga
Hönnuður: Þorvaldur Friðfinnsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Staðarhóll með steypum svölum 1956.



Húsið séð frá götu.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Tímursvalir í stað steyptra. - Þak fært út yfir steyptan rennukant.	
Útveggir:	Skeljasandur			
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Reykháfur Svalir Tvílyft	Tvílyft Reykháfur		

Saga

Húsið er byggt sem einbýli, steinsteypt, vikureinagrað og var upphalega skeljað. Þorvaldur Friðfinnsson, forstöðumaður niðursuðuverksmiðjunnar, og kona hans Helga Sigurbjörnsdóttir voru með húsið í byggingu þegar Þorvaldur fórst með Þormóði 1943. Næstu eigendur voru Páll Hannesson skipstjóri og hreppsstjóri og Bára Kristjánsdóttir. Steyptar svalir hafa verið fjarlægðar og tímursvalir komið í staðinn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Upprunalega verðugur fulltrúi funkistímans, og heldur enn megineinkennum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götumynd Lönguhlíðar og heild Milljónahverfisins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Missir steyptra svala rýra upprunalegt gildi. Málað yfir skeljaðan múr og þak fært út yfir kant.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vel viðhaldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götumynd Lönguhlíðar.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	

Fyrsti eigandi: Sverrir Matthíasson og Fjóra Matthíasson
Hönnuður: Sverrir Matthíasson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsmæður í hverfinu framan við Hof.



Hof 1918.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Húsið klætt trapisustáli og þak fært út yfir kant.	
Útveggir:	Steining, skeljasandur	Trapisusustál		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Reykháfur Útitróppur	Tvílyft		

Saga

Steinsteypt, tveggja hæða hús efst í Milljónahverfinu. Byggt af Sverri Matthíassyni framkvæmdastjóra og síðar eiganda Niðursuðu og rækjuverksmiðjunnar. Kona Sverris var Fjóra Matthíasdóttir en þau höfðu búið í Dannmörku og Þýskalandi áður en þau komu til Bíldudals. Sverrir gerði sjálfur uppdrátt af húsinu og Fjóra sá um garðinn sem þótti einstakur, en þeim hjónum fylgdu nýir straumar frá meginlandi Evrópu.

Húsið var upphaflega steinað með þakkanti og umgjörð um glugga á framhlið í dekkri steiningu. Húsið er nú klætt trapisustáli og þak hefur verið fært út fyrir steyptan kant sem hefur verið klæddur timbri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Húsið líður fyrir seinni tíma klæðningu, en afturkræf framkvæmd.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Íbúðarhús

Umhverfisgildi: Hátt Hluti af götummynd Lönguhlíðar og heild Milljónahverfisins.

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið klætt Trapisustáli en heldur megineinkennum - afturkræf framkvæmd.

Tæknilegt ástand: Hátt Vel viðhaldið að teknu tilliti til seinni tíma breytinga.

Varðveislugildi: Hátt Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götummynd Lönguhlíðar.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Suðurfjarðahreppur
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Slökkvistöð
Núverandi notkun: Geymsla



Götuhlið.



Innkeyrslugafl.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:	Bárujárn	Trapisustál		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Árið 1941 bættist Bíldudalur í hóp þeirra kauptúna sem höfðu slökkvitæki. Fulltrúi Brunabótafélags Íslands sá svo um að koma þeim fyrir og æfa meðferð þeirra. Brunastöðin var síðan byggð til að hýsa tækin. Húsið var brunastöð Bíldudals þar til ný slökkvistöð var byggð við Tjarnarbraut árið 1976. Húsið er óbreytt frá upphafi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfaldur timburskúr með funkisáhrifum
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Brunastöð - slökkvistöð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti Milljónahverfisins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt fyrir utan trapisuklæðningu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið að viðhaldi.

Varðveislugildi:

Hátt Vel varðveitt slökkvistöð í sjávarþorpi frá því fyrir miðja síðustu öld.

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Gísli Guðmundsson og Sigríður Ágústsdóttir
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið séð frá garði.



Húsið séð frá götu.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Málað yfir skeljun.	
Útveggir:	Skeljasandur			
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Reykháfur Útitröppur	Tvílyft Útitröppur		

Saga

Steinsteypt hús, hæð og íbúð í kjallara. Húsið byggðu Gísli Guðmundsson skipstjóri, sem fórst með Þormóði og kona hans Sigríður Ágústsdóttir. Húsið var í byggingu þegar Sigríður missti mann sinn en með hjálp systkina sinna, sem fluttu inn til hennar, tókst að ljúka bygginunni og ól Sigríður þar upp börn sín. Þess má geta að með Þormóði fórust einnig foreldrar Sigríðar. Á neðri hæð bjó Böðvar Bjarnason kaupfélagsstjóri. Í fasteignamati 1943 eru útveggir sagðir steyptir og vikureinangraðir , húsið hlýtt og mjög vandað, Húsið var í upphafi skeljað en hefur verið málað. Að öðru leiti upprunalegt, nema að reykháfur er ekki lengur, og eina húsið í hverfinu þar sem þak hefur ekki verið fært út yfir steyptan rennukant.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Upprunalegasta hús Milljónahverfisins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götumynd Lönguhlíðar og heild Milljónahverfisins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt frá upphafi nema málað hefur verið yfir skeljun.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Vel viðhaldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götumynd Lönguhlíðar. Upprunalegast hús hverfisins.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	

Fyrsti eigandi: Loftur Jónsson og Hanna Sigurlaugsdóttir
Hönnuður: (Þorvaldur Friðfinnsson)

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið séð frá Brekkustíg 2018.



Götuhlíð 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Steyptar svalir fjarlægðar og smíðaðar. timbursvalir. Málað yfir skeljun og þak fært út yfir kant.	
Útveggir:	Skeljasandur	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Reykháfur Svalir Kjallari	Tvílyft Kjallari		

Saga

Steinsteypt hús á tveimur hæðum með kjallara og einangarað með vikri. Byggt af Lofti Sigurlaugssyni og konu hans Hönnu Sigurlaugsdóttu, Bræðurnir Skarphéðinn Gíslason og Konráð Gíslason flytja síðan inn í húsið og bjuggu á sinn hvorri hæðinni. Í dag á það Einar Guðmundsson og hefur hann sameinað íbúðirnar í eina.

Hönnuður hefur að öllum líkindum verið Þorvaldur Friðfinnsson framkvæmdastjóri niðursuðuverksmiðjunnar en síðan hafi Jóhann Gíslason smíður gert byggingar teikningar eins og átti við um Ásgarð.

Húsið uppflega skeljað en er nú málað og þak hefur verið fært út yfir steyptra rennu. Upphalega voru á húsinu tvær steyptrar svalir sem hafa verið fjarlægðar og timbursvalir byggðar í stað þeirra.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Eitt veglegasta hús hverfisins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götumynd Lönguhlíðar og heild Milljónahverfisins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Þak fært út yfir kant, malað yfir skeljun og timbursvalir í stað steyptra.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vel viðhaldið.

Varðveislugildi:

Hátt

Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götumyndum Lönguhlíðar og Brekkustígs.

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Hjálmar Ágústsson og Svandís Ásmundsdóttir
Hönnuður: Þorvaldur Friðfinnsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ásgarður 2011.



Ásgarður 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1964 Húsið stækkað - Viðbygging við ytri enda.	
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak	Þak fært út yfir steypnan rennukant.	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		
	Reykháfur	Svalir		
	Svalir	Reykháfur		

Saga

Steinsteypt, kjallari og ein hæð. Byggt af Hjálmar Ágústssyni verkstjóra í Frystihúsinu, konu hans Svandísi Ásmundsdóttir. Ásmundur faðir Svandísar hjálpaði til við bygginguna og var húsið nefnt Ásgarður eftir honum, Hjálmar fékk lóð úr landi Valhallar og gróf fyrir grunnni síðsumars 1943, en þá setti Þormóðsslysið allt úr skorðum. Árið eftir er húsið reist. Guðjón Jónsson var yfirmiður, Hjálmar lagði miðstöðvarkerfi og Axel Magnússon raflögn. Múrarar komu frá Ísafirði og var húsið kalkað með "Snow cem". Þann 3. mars 1945 eru Svandís og Hjálmar vigð í hjónaband af sr. Jóni Kr. Ísfeld í Bíldudalskirkju og fluttu brúðhjónin inn í nýbyggt hús sitt sama dag.

Upphaflega var húsið múrsléttað og kalkað en er nú málað. Byggt var við ytri enda hússins á árunum 1963-64. Þak hefur verið fært út yfir steypna rennu, steypnar svalir fjarlægðar og timbursvalir byggðar í stað þeirra.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfaldur byggingameistarafunkis.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd Lönguhlíðar og heild Milljónahverfisins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Viðbygging frá 1961 sæmir húsinu vel en svalbreyting til lýta.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Vel viðhaldið.

Varðveislugildi: Hátt Hátt gildi, sem hluti af heild Milljónahverfisins og götummyndum Lönguhlíðar og Brekkustígs.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Suðurfjarðasókn
Hönnuður: Húsameistari ríkisins

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Prestbústaðurinn 1966 með fjölskylduinngangi,



Galtafell með þjónustuinngangi á ytri hlið.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Gluggabreytingar og þak fært út yfir steyptan rennukant. Steypt trappa á götuhlið brotin niður og (fjölskydu)inngangi lokað.	
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Kjallari Útitröppur Reykháfur	Einlyft Útitröppur Kjallari		

Saga

Húsið var byggt fyrir séra Jón Jakobsson og konu hans Margréti Björnsdóttur en Jón fórst með Þormóði árið 1943. Hann nefndi húsið Galtarfell, en hann var ættaður frá Galtarfelli í Hrunamannahreppi. Næstur kom séra Jón Kr. Ísfeld og kona hans Auður Ísfeld en þau fluttu suður árið 1961. Síðan Séra Sigurpáll Óskarsson, svo Séra Óskar Finnbogason. Bíldudalshreppur kaupir húsið 1980. Teikning af húsinu er varðveitt hjá húsmeistara ríkisins, undirrituð í mars 1933 af Einari Erlendssyni og Guðmundi H. Þorlákssyni. Segja má að húsið hafi verið boðberi nýrra tíma, funkisinn farinn að gera sig gildandi en húsið hafði þó í upphafi einpósta glugga með þriggja rúðu fögum.

Tveir inngangar voru á húsinu með steypum tröppum, að ofanverðu fyrir fjölskyldu og á ytri gaflí var þjónustuinngangur fyrir fólk sem átti erindi við prest.

Húsið stendur utan við hið eiginlega Milljónahverfi, neðan Tjarnarbrautar en er í samhengi við hús hverfisins við Tjarnarbraut og það elsta með funkiseinkennum á Bíldudal.

Suðvesturhlið hefur verið klædd bárujárni, þak fært út yfir steypa rennu og fjölskylduinngangur með útitröppu á götuhlið hefur verið fjarlægður.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsameistari ríkisins - Einar Erlendsson. Seinni tíma breytingar rýra lístrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Prestbústaður.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Samhengi við hús Milljónahverfisins og kirkjuna. Líður fyrir nágrenni við frysihús.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Talsvert breytt - klæðning á innri hlið (SV), inngangur og útitrappa á götuhlið fjarlægð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Komið að viðhaldi að utan.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur samhengi við Milljónahverfið og kirkjuna en líður fyrir nánd frystihússins.
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Suðurfjarðahreppur
Hönnuður: Ókunnur

Upphafleg notkun: Hjallur - þurrkun þvotta.
Núverandi notkun: Geymsla.



Læknishjallurinn 2011.



Læknishjallurinn 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:	Bárujárn og listar.	Bárujárn og listar.		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		
	Ris	Ris		

Saga

Hjallurinn tilheyrði áður Læknisbústaðnum og sjúkraskýlinu á Tjarnarbraut 3 og stóð á lóð þess. Byggður 1943 til að þurrka þvott sjúkraskýlisins og læknisfjölskyldu. Þegar hús var byggt í Lönguhlíð 4 árið 1977 lenti hjallurinn innan lóðar þess.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfaldur hjallur.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Einn af fáum hjöllum við íbúðarhús sem eftir eru á Bíldudal og sá eini í Milljónahverfinu,
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Í samhengi við sjúkraskýlið - Hátt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreyttur frá upphafi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Komið að viðhaldi.

Varðveislugildi:	Hátt	Eini hjallurinn í Milljónahverfinu,
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Pétur Bjarnason og Gréta Jónsdóttir.
Hönnuður: Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Götuhlið.



Séð frá garði.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		
	Reykháfur	Svalir		
	Svalir	Reykháfur		

Saga

Byggt af Pétri Bjarnasyni skólastjóra og konu hans Grétu Jónsdóttur. Teikningar komu frá Húsnæðismálastofnun ríkisins og var upphaflega ætlunin að flatt þak væri á húsinu en Pétur fékk því breytt í uppstólað mænisþak. Landsbankinn kaupir síðan húsið af Pétri og var þar bústaður útibússtjóra bankans á Bíldudal. Lóð hússins er innan þess reits sem afmarkar Milljónahverfið og var eina lóðin sem ekki byggðist á 5. áratugnum og er þar líklega um að kenna því áfalli sem Bíldudalur varð fyrir þegar Þormóður fórst. Húsið er hér tekið með sem dæmi um þær byggingar sem tóku við eftir lok tímabils byggingameistarafunkisins. Líkur eru á að mörg húsa Milljónahverfisins séu hönnuð af byggingameisturum á sunnanverðum Vestfjörðum eins og er tilfellið á Patreksfirði. Með tilkomu teiknistofu Húsnæðisstofnunar ríkisins í lok 6. áratugarins lýkur tímabili hönnunar húsmíðameistara og nánast undantekningarlaust eru íbúðarhús hönnuð af stofnuninni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsmæðismálastofnun ríkisins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:		Húsið sker sig úr samhengi Milljónahvefisins - Nýir tímar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt frá upphafi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Gott viðhald.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Við bygginu, 1977, er húsið dæmi nýrra tíma í byggingarlist íbúðarhúsa í sjávarþorpi.
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti	